

SJÁLFBÆRNI



Sjálfbærni er lykilorð um okkar daga og alla framtíð. Síðustu aldir hefur mannkyn allt stórbætt eigin hag. Okkur hefur lánast að nýta auðævi jarðar í ríkari mæli en formæðrum okkar og forfeðrum tókst kynslóð fram af kynslóð, öld eftir öld, árþúsund eftir árþúsund. Við virkjuðum vatnsafl betur en áður. Við fórum að nýta gufuafl og rafmagn, jarðefni og jarðhita. Við beisluðum kjarnorku, bjuggum til plast og önnur gerviefni og gengum inn í stafrænan heim. Við höfum bætt heilsu og aukið velmegun um víða veröld. Um leið höfum við eft algild mannréttindi, málfrelsi og trúfrelsi, ferðafrelsi og ástfrelsi. Mannanna láni er þó misskipt. Sum okkar njóta allra lífsins gæða, önnur búa við sult og seyru, harðstjórn og harðneskju. Og við höfum gengið nærri móður náttúru. Búskapur okkar á jörðinni er orðinn ósjálfbær, hann hefur leitt yfir okkur loftslagsvá og nú stefnir í óefni ef ekkert er að gert. Sjálfbærni mun ekki leysa allan okkar vanda en án sjálfbærni í orði og verki er voðinn vís. Öll getum við lagt okkar af mörkum,

öll munum við njóta góðs af framþróun á þessu sviði. Og öll eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun göfug og góð. Í markmiði 4 er sjónum beint að menntun fyrir alla, að öllum verði tryggður aðgangur að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi. Í lið 4.7 er vikið að sambandi sjálfbærni og menntunar. Að því er stefnt að fyrir árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar. Ég hvet ykkur öll til að fræðast um sjálfbært samfélag og sjálfbæran lífsstíl. Ekkert okkar er fullkomið, öll getum við alltaf gert betur, en ef við leggjum okkur fram er ótrúlegt hversu miklu fólk fær áorkað, hvert um sig og ekki síður í krafti fjöldans.



*Kveðja
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar*

SJÁLFBÆR MENNTUN FYRIR ALLA

Sjálfbærni er stærsta verkefni samtímans. Það felst í því að stuðla að sjálfbæru lífi á okkar litlu Jörð, þéttsetinni fólki og öðrum lífverum. Verkefnið snýst ekki um að finna leiðir til að margir geti komist af heldur að skapa aðstæður svo allar manneskjur geti lifað góðu lífi. Það snýst ekki um að viðhalda því hvernig fólk lifir í dag, við upphaf 21. aldarinnar, heldur snýst það um að skapa nýjan heim þar sem allt fólk fær tækifæri til að blómstra. Þetta markmið mun einungis nást ef við, mannfólkið, lærum að lifa farsælega hvert með öðru og með öðrum dýrum og náttúrunni í heild.

Þegar sagt er að sjálfbært líf sé markmiðið, þá er ekki verið að tilgreina eitthvert vel skilgreint markmið. Sannleikurinn er sá að enginn veit hvernig sjálfbær heimur við upphaf 21. aldar lítur út. Enginn hefur kynnst slíkum heimi. Verkefnið framundan er að uppgötva nýja möguleika, læra að lifa og njóta með nýjum hætti, og um leið að aflæra margt sem okkur þykir bæði sjálfsagt og eðlilegt.

Sem verkefni á sviði menntunar felur sjálfbærni í sér áskoranir sem menntakerfi og kennarar hafa aldrei áður staðið frammi fyrir. Í hefðbundinni menntun hefur hlutverk kennara verið að veita svör, miðla þekkingu hinna fullorðnu til nýrra kynslóða og temja hinum ungu siði og gildi þess samfélags sem hinir eldri hafa mótað. Í þessu hlutverki hafa kennarar verið dyggilega studdir af margvíslegu kennslu-efni, sem oftar en ekki er fullt af svörum. Nú hefur vefurinn bæst við sem nánast óþrjótandi brunnur svara (sem eru reyndar af misjöfnum gæðum og sum alveg út í hött). Núna stöndum við frammi fyrir því að hin hefðbundnu svör duga ekki lengur. Auðugu ríkin á Vesturlöndum, með sín frábæru menntakerfi, eru þau lönd Jarðarinnar sem valda loftslagi og vistkerfum heimsins hvað mestum skaða. Þetta eru líka ríkin sem viðhalda hvað dyggilegast misskiptingu í heiminum. Af þessu er ljóst að menntakerfi Vesturlanda verða að taka grundvallar-breytingum.



HIN LITLA JÖRÐ

Árið 1966 skrifaði hagfræðingurinn, friðarsinninn, skólamaðurinn og heimspekingurinn Kenneth Ewart Boulding (1910–1993) grein sem hann kallaði „Hagfræði fyrir geimskipið Jörð“ þar sem hann gerði greinarmun á tvennskunar kerfum, opnum og lokuðum. Í opnu kerfi streyma hlutir og orka óhindrað inn í kerfið frá óskilgreindum ytri veruleika, og svo er líka eitthvað ytra svæði sem tekur endalaust við úrgangi frá kerfinu. Í lokuðu kerfi er ekkert slíkt inntak eða úttak; í hvert sinn sem einhverju er hent út úr slíku kerfi þá kemur það til baka eins og búmerang. Í fortíðinni komst fólk upp með að líta á Jörðina sem opið kerfi, Boulding kallaði það kerfi kúrekans sem var táknrænn fyrir óendanlegar sléttur og ábyrgðarleysi, arðrán og ofbeldi.

Ef myndlíkingin um kúrekann hljómar skringilega hér á landi þá er lítið mál að tala um landnemann í staðinn, t.d. víkinginn sem sigldi með lið sitt yfir úthafið í leit að rostungum og stórselum. Þá hafði slíkum skepnum þegar verið útrýmt í heimalandinu og á næstu veiðilendum. Ekki leið á löngu uns rostungnum hafði verið

útrýmt svo gersamlega við strendur Íslands að ekkert var eftir annað en nokkur örnefni. Þá var bara haldið lengra, lengra, lengra. En svo tók þetta „lengra“ enda. Það var komið að endimörkum og þá beið ekkert nema hrunið eins og Bergsveinn Birgisson lýsir í bókinni Leitin að svarta víkingnum.

Andstætt hinu opna kerfi kúrekans er hugmyndin um lokað kerfi geimskipsins. Samkvæmt þessari hugmynd er litið á Jörðina sem takmarkað geimskip og þar eru auðlindirnar ekki óendanlegar, hvorki sem uppsprettur gæða né sem botnlaus hlandfor sem alltaf getur tekið við meiri úrgangi. Boulding segir að í slíku kerfi verði mannfólk að finna sér stað í hringrásarhagkerfi sem er sífellt að endurskapa efni.

Munurinn á þessum tvenns konar kerfum verður mest áberandi í viðhorfinu til neyslu. Í kerfi kúrekans er litið á neyslu og framleiðslu sem eitthvað gott og árangur kerfisins er mældur í magni. Spurningin sem brennur á vörum stjórnenda samfélagsins er: Hvernig getum við framleitt meira? Íbúum samfélagsins er kennt að spyrja í sífellu: Hvernig get ég eignast meira? Í kerfi geimskipsins er árangur ekki mældur í framleiðslumagni. Þvert á móti er litið á framleiðslu sem eitthvað sem ætti að reyna að lágmarka. Spurningin verður: Hvernig getum við framleitt minna? Í staðinn fyrir að leggja áherslu á að auka magn framleiðslunnar er það eðli, umfang og margbreytileiki þeirra gæða sem koma fyrir í kerfinu sem skipta máli.

Jörðin er ekki óendanlega stór heldur í raun frekar lítil, og mannfólkið verður að hugsa um líf sitt í samræmi við það. Þetta var byltingarkennd hugsun en eins og títt er um slíka hugsun var hún alls ekki ný. Hana má finna hjá Forn-Grikkjum, sem litu svo á að öll vísindi og fræði hefðu það markmið að finna mannfólkinu viðeigandi sess í jarðlífinu. Markmið vísindanna var að læra að þekkja eigin mörk, ekki að þenja sig án takmarkana yfir takmarkaðan heim. Við sjáum áþekka hugsun einnig í Hávamálum:

Hjarðir það vitu,

nær þær heim skulu,

og ganga þá af grasi;

en **ósviður** maður

kann **ævagi**

síns **um máls maga**.

nær: hvenær

ósviður: óvitur

ævagi: aldrei

um máls maga: magamál

Nú er löngu tímabært að við lærum að miða langanir okkar við takmarkaða Jörð, í staðinn fyrir að reyna sífellt að pína þessa takmörkuðu Jörð til að uppfylla ótakmarkaðar langanir okkar. Kynslóð hinna fullorðnu, sem hefur komið sér fyrir í mestu makindunum, hefur í meira en hálfa öld komið sér hjá því að skilja þennan boðskap sem þó er mjög einfaldur.

NESTI FYRIR FERÐALAG

Jörðin er ekki óendanlega stór og við verðum að temja okkur hófsemd í umgengni við hana. En hversu stór er hún? Það er lítið mál að fletta því upp að ummál hennar er um 40.000 km. Það er svo stór tala að hún segir fæstum nokkurn skapaðan hlut. Og þar fyrir utan þá er þessi fjöldi metra kannski ekki það sem mestu máli skiptir. Þegar spurt er hversu stór einhver íbúð er, þá skiptir meira máli hvað henni er ætlað að hýsa marga heldur en fjöldi fermetranna. Þannig er það líka með Jörðina. Það skiptir meira máli hversu vel Jörðin dugir, þ.e. hversu gjöful hún er miðað við hvers við ætlumst af henni. Líf okkar á Jörðinni er ferðalag þar sem einn hópur ferðalanga tekur við af öðrum – nýjar kynslóðir feta í fótspor þeirra sem á undan hafa farið. Hversu vel dugir Jörðin til að nesta okkur fyrir þetta ferðalag? Leggur hún okkur til nesti um ókomna tíð, þ.e. er neysla okkar innan þeirra marka sem Jörðin getur endurskapað á hverju ári, eða fer neyslan fram úr því sem Jörðin getur skapað á hverju ári þannig að á endanum mun einhver kynslóðin sitja uppi nestislaus?

Ef við notum þennan mælikvarða til að meta stærð Jarðarinnar og miðum við raunverulega neyslu mannkyns, þá kemur í ljós að Jörðin er ekki einungis lítil, heldur pínulítill. Árið 2020 tæmdu Jarðarbúar nestisboxið um mánaðarmótin júlí-ágúst. Þetta er kallað „earth overshoot day“ á ensku. Á íslensku getum við kallað þetta „þurrðardag



Jarðar“. Þetta er dagurinn þegar árleg framleiðsla Jarðarinnar gengur til þurrðar, klárast. Þetta er dagurinn þegar við höfum étið upp það sem hefði þurft að endast alla 12 mánuði ársins. Þegar kemur fram yfir þennan dag, þá byrjum við sem nú lifum að borða frá komandi kynslóðum. Á undanförunum 50 árum hefur mannkyn farið frá því að lifa innan marka Jarðarinnar til þess að þurfa tvær Jarðir fyrir neyslu sína.

Ef við hugsum um stærð Jarðarinnar á þennan hátt sjáum við að hún er líkari litlu geimskipi sem svífur um í geimnum heldur en óendanlegum sléttum kúrekans. Þetta þýðir að mannfólkið verður ekki einungis að umgangast sjálfa Jörðina af hófsemi, það verður einnig að gæta að hegðun sinni hvert gagnvart öðru því samfélag án jafnréttis, friðar og mannréttinda er ekki sjálfbært.



FRAMTÍÐIN OG MENNTAKERFIÐ

Fólk horfir gjarnan vonaraugum til menntakerfisins þegar krísur steðja að, hvort sem þær eru samfélagslegar, t.d. stríð og annað ofbeldi, eða varða umhverfið, eins og hamfarahlýnun. Fólk segir: Menntun er lausnin! En hingað til hefur menntunin líka verið hluti af vandanum. Ef við notum heldur þurrðardag Jarðar sem mælikvarðar á menntakerfin horfir myndin öðruvísi við. Það er nefnilega misjafnt hvenær þjóðir heims byrja að borða frá komandi kynslóðum. Árið 2020 byrjuðu Danir, Finnar, Norðmenn og Svíar að borða frá komandi kynslóðum í kringum mánaðarmótin mars-apríl. Þurrðardagur Íslands var líklega um mánuði fyrir, í lok febrúar eða byrjun mars.

Menntun fyrir alla verður að miðast við allar manneskjur á Jörðinni sem og komandi kynslóðir. Nú verður að taka af skarið. Það sem við höfum lært er að þeir lifnaðarhættir sem hafa tíðkast, sú þekking sem við höfum hampað, þau gildi sem við höfum haft í hávegum, duga ekki lengur. Í sameiningu verða nemendur og kennarar að finna út hvert ferðinni er heitið.




MENNINGARLEG FJÖLBREYTNÍ



HNATTRÆN BORGARAVITUND

Stundum er talað um að heimurinn sem við búum í sé að verða sífellt minni eða samtengdari, en hvað þýðir það? Varla hefur hann minnkað að flatarmáli? Tæknin tengir okkur við aðra hluta heimsins og gerir okkur auðveldara að fylgjast með fréttum og viðburðum utan úr heimi. En tæknin er ekki það eina sem tengir okkur saman. Við tengjumst líka í gegnum samfélög, náttúru og sameiginlegt efnahagskerfi. Þetta þýðir að flestar þær breytingar sem eiga sér stað í heiminum snerta okkur öll sem búum í honum en þó með misjöfnum hætti. Út frá slíkum hugleiðingum kom fram hugtakið hnattræn borgaravitund en árið 2012 lagði þáverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna það hugtak til sem eitt af aðalmarkmiðum menntunar til viðbótar við jafnt aðgengi að menntun og gæði menntunar. Með þessu skrefi vildi hann leggja áherslu á að menntun ætti, umfram allt, að styðja við ungt fólk til þess að tengjast heiminum og uppgötva leiðir til að gera hann að betri stað.



„Ein leið til að líta á hnattræna borgaravitund felst í því að leggja áherslu á að við lærum að koma auga á það sem tengir okkur saman þvert á lönd og landamæri. Að við séum meðvituð um að fólk er hvert öðru háð í félagslegu, menningarlegu, efnahagslegu og pólitísku tilliti og að hið staðbundna, þjóðlega og alþjóðlega sé samtvinnað.“

Dýðing, Ólafur Páll Jónsson





Þetta er góð og gild nálgun enda skiptir máli að skilja bæði eigin stöðu í samfélaginu og annarra. En er nóg að hugsa um allt það sem sameinar okkar eða ættum við líka að geta komið auga á og öðlast skilning á þeim ótal þáttum sem móta okkur með ólíkum hætti og gera okkur einstök? Menntun getur eflt getu nemenda til aðgerða, gefið þeim tilfinningu fyrir því að það skiptir máli hvað þeim finnst og að hægt sé að haga sér í samræmi við eigin sannfæringu og breyta hlutum. Auk þess getur menntun líka stuðlað að gagnrýninni afstöðu til samfélagsins, kennt nemendum að ekki sé hægt að treysta því að allt sé réttlátt og að allir hafi jafnan aðgang að lýðræðislegum vettvangi, heldur þurfi að sjá til þess að svo sé, jafnvel með töluverðri fyrirhöfn (Grunnþættir menntunar: lýðræði og mannréttindi, bls. 30).

+ Hvernig myndir þú vilja hafa heiminn í framtíðinni?

+ Hvernig heimur er góður heimur í þínum augum?



MENNINGARLEGUR MARGBREYTILEIKI

Raunin er sú að eitt helsta einkenni nútímasamfélaga er **menningarlegur margbreytileiki**. Menningarlegur margbreytileiki snýst bæði um það sem sameinar okkur og það sem gerir okkur ólík. Þess vegna skiptir það ekki síður máli að tengjast og kynnast alls konar fólki og læra að þekkja heima sem eru frábrugðnir okkar.

Það skiptir máli að hlusta á ólíkar sögur sem endurspeгла ólíkar upplifanir og reynslu fólks. Það er raunveruleg hættu í því að byggja þekkingu okkar og skilning á einsleitum sögum eða einfölduðum hugmyndum um heiminn og fólkið sem í honum býr.

Til þess að skilja þetta betur er mikilvægt að leggja sig fram um að setja sig í spor annarra. Í því felst að átta sig á að til eru ólík sjónarhorn sem kalla á mismunandi viðbrögð og tilfinningar við sömu aðstæðum. Við lifum öll í sama heimi en sjáum hann og upplifum með ólíkum hætti, sama hvort við búum í sama nærumhverfi eða fjarri hvert öðru.

Þrátt fyrir að sjónarhornin séu fjölmörg fá ekki alltaf öll að njóta sín. Sumum reynist auðvelt að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri á meðan aðrir fá til þess mun færri tækifæri. Í hefðbundnu skólastarfi getur verið erfitt fyrir þau sem t.d. tala ekki tungumálið sem notast er við í kennslunni, að tjá skoðanir sínar.

Hvernig myndir þú segja þína eigin sögu? Hver væru aðalatriðin, hvernig myndir þú lýsa þér sem manneskju, hvaða reynsla eða bakgrunnur hefur mótað þig? Eru þetta þættir sem eru sameiginlegir eða ólíkir reynslu, siðum og menningu annars fólks?

Hvernig gæti saga annarra í bekknum þínum hljómað? Þekkir þú ólíkar sögur þeirra? Eru allir í bekknum þínum í jafnri stöðu til að segja sína sögu eða deila sjónarhorni sínu á eigin forsendum?

DAEMI

Tökum tilbúið dæmi um mismunandi skilning og viðbrögð nemenda sem vinna skólaverkefni:

„Í samfélagsfræði í 9. bekk á að vinna hópverkefni um veruleika flóttafólks og kynna svo fyrir bekknum. Einn hópurinn gerir verkefnið með því að taka viðtal við bekkjarfélagi sem kom frá Sýrlandi sem flóttamaður ásamt fjölskyldu sinni og verið í bekknum í fimm mánuði.“

Sjónarhorn Snorra og Einars:

Félagarnir Snorri og Einar vinna verkefnið saman og ákveða strax að sniðugast sé að taka viðtal við Malih sem hafði flúið með fjölskyldu sinni frá Sýrlandi. Þeim finnst líklegt að Malih verði stoltur að fá að segja frá reynslu sinni. Snorri rifjar upp að þegar Malih kom fyrst hafi umsjónarkennarinn beðið hann og Einar að aðstoða Malih, sýna honum skólann, til dæmis hvar matsalurinn og íþróttasalurinn væri. Snorri man einnig að allir í bekknum tóku vel á móti Malih en fljótlega hafi hann og Jan, sem er frá Póllandi, svo orðið góðir vinir.

Sjónarhorn Malih:

Malih er enn að laga sig að skólanum. Hann hefur kynnst einum bekkjarfélagi sínum ágætlega en aðeins spjallað stuttlega við aðra eins og Snorra og Einar og verður því hissa þegar þeir sýna áhuga á því hvernig hann kom til landsins. Strákarnir virðast spenntir en Malih þykir þessi athygli óþægileg. Strákarnir höfðu ekki sýnt neinn áhuga á að kynnast honum fyrr en nú við gerð verkefnisins. Þetta finnst Malih undarlegt og hann langar ekki að taka þátt í verkefninu á þennan hátt.

Á hvaða hátt er sjónarhorn strákanna tveggja og Malih ólíkt? Áhugi Snorra og Einars á reynslu flóttafólks er eðlilegur og það er jákvætt að vilja gera hana sýnilegri til að auka eigin skilning og annarra. Það má samt ekki gera ráð fyrir því fyrir fram að Malih kjósi að tala fyrir hönd alls flóttafólks eða vera í sviðsljósi bekkjarins með reynslu sína. Malih langar ekki að taka þátt í verkefninu sem viðmælandi en gæti kannski langað til að vera með á einhvern annan hátt. Hvaða aðrir möguleikar eru til staðar þannig að hann geti tekið þátt?

Svo virðist sem Snorri og Einar telji að Malih sé vel settur með vini sínum Jan og að hann hafi ekki áhuga á að kynnst öðrum í bekknum líka. Ætli það sé rétt? Getur verið að Malih langi til að kynnst þremmingunum og ef til vill eignast þá að vinum?

Snorri og Einar voru vingjarnlegir við Malih þegar hann kom fyrst og fannst sjálfsagt að sýna honum skólann líkt og kennarinn bað þá um. Þeir hugleiddu kannski ekki að gefa Malih meiri gaum, að gefa sjálfum sér og honum tækifæri til að kynnst. Ef til vill fundu þeir til óöryggis og fannst Malih hljóta að vera allt öðruvísi en þeir. Eðlilegt er að finna til óöryggis gagnvart því sem er ókunnugt. Það getur samt borgað sig að kanna málið því oftar en ekki komumst við að því að

við eigum svo margt sameiginlegt. Við getum líka lært ýmislegt nýtt, kynnst öðrum síðum og venjum eða annarri sýn á lífið og tilveruna.

Færa má rök fyrir því að flest viljum við tilheyra hópi og samsama okkur þeim hópi. Ákveðinn félagslegur samanburður fer fram þegar við tökum ákvörðun, meðvitað eða ómeðvitað, um það hverjum við tilheyrum. Þegar sú ákvörðun hefur verið tekin getur verið erfitt að slíta sig frá þeim hópum sem við tilheyrum eða bjóða öðrum sem standa utan hans að vera með.

-
- + Óttuðust Snorri og Einar að aðrir í bekknum misstu álit á þeim ef þeir yrðu vinir Malih?

 - + Er jafn líklegt að Snorri og Einar myndu eignast nýjan vin ef þeir legðu sig fram um að kynnst Malih, áhugamálum hans og persónu?

 - + Hvernig gætu Snorri og Einar sýnt gott fordæmi og verið fyrirmynd í samskiptum sínum við Malih?
-



MENNING, FJÖLMENNING OG FORDÓMAR



Oft er talað um að til séu margar tegundir menningar. Þá má segja að hver þjóð eigi sér ákveðna menningu og að hægt sé að sjá mun á menningu einnar þjóðar og annarrar.

Hægt er að skilgreina menningu sem samsafn þeirra trúarlegu, efnislegu, vitrænu og tilfinningalegu þátta sem einkenna hvert samfélag eða samfélagshóp. Þar með teljast listir og bókmenntir en einnig lífsstíll, sambúðarform, mannleg gildi, hefðir og skoðanir.

Það er eðlilegt að vera stolt af eigin uppruna og þjóð en það þýðir ekki að gera megi lítið úr menningu og siðum annarra. Þegar fólk metur aðra menningarheima einungis með hliðsjón af eigin menningu og lítur svo á að hún sé betri eða réttari en önnur kallast það þjóðhverfa. Stundum erum við ómeðvituð um hvernig gjörðir okkar snerta aðra til dæmis þegar við höldum á lofti gildi eigin menningar eða viðurkennum ekki menningu sem er ólík okkar. Slíkt gerist auðveldlega við jólahald og ýmsa mikilvæga viðburði eða hefðir sem eru vinsælar og samþykktar í ákveðnu samfélagi en ekki endilega viðeigandi í öðrum samfélögum.



Menning er ávallt ólík og fjölbreytt og mótast af öllu því fólki sem tekur þátt í samfélagi eða myndar þjóð. Einnig getur myndast ákveðin og fjölbreytt menning í minni hópum innan og utan stærri samfélaga og þjóða.

-
- + Hvað gæti til dæmis einkennt unglíngamenningu?

 - + Fylgja unglíngar sem hópur gildum, skoðunum og hefðum sem saman skapa menningu þeirra eða er til margskonar unglíngamenning?

Það eru góðar líkur á að þú eigir fjölbreyttari og ólíkari vínahóp en foreldrar þínir eða afi þinn og amma áttu á sínum yngri árum enda eru langflest samfélög í dag fjölmenningsleg samfélög þar sem fólk af ólíku þjóðerni, menningar- og landsvæðum kemur saman. Fjölmennings er auðvitað ekki ný af nálinni og í gegnum tíðina hefur fólk haft ýmsar ástæður til þess að flytjast á milli ólíkra landa og menningarheima. Yfirleitt er fólk að sækja sér vinnu eða framfærslu, ýmsir leggja land undir fót til þess að stunda nám eða koma á betri tengslum við fjölskyldumeðlimi og vini. Slíka flutninga mætti túlka sem frjálssa



fólksflutninga þó svo að skilin séu ekki alltaf mjög skörp á milli þess hvenær við ferðumst af fúsum og frjálsum vilja og hvenær við neyðumst til að færa okkur um set. Á undanförunum árum hafa þvingaðir fólksflutningar aukist umtalsvert þar sem stríð og pólitískur óstöðugleiki í mörgum löndum hefur leitt til þess að fleira fólk en áður neyðist til að flýja heimkynni sín. Við lok ársins 2020 voru 82.4 milljónir manna, þar af meirihluti börn og ungmenni, á flóttu í heiminum. Til að læra meira um flóttafólk getur þú skoðað heimasíðu [Rauða Krossins](#) eða [Amnesty International](#) á Íslandi.



Eitt er víst að samfélag okkar er og mun ávallt verða samsett af fólki úr afar ólíkum áttum með mismunandi bakgrunn og reynslu. Í fjölmenningarlegu samfélagi skiptir máli hvernig við bregðumst við fjölbreytileikanum. Þ.e. hvernig við eigum í samskiptum við, sköpum tengsl og finnum til ábyrgðar með þeim sem eru ólíkir okkur sjálfum. Gjarnan höfum við ákveðnar fyrir fram gefnar hugmyndir um fólk sem er ólíkt okkur sjálfum jafnvel þó svo að við þekkjum ekki til sögu þess eða aðstæðna. Slíkt gæti verið dæmi um fljótadóma.

Fljótadómar eru fordómar sem við grípum öll til á einhverjum tíma. Fljótadómar byggja á ómótuðum eða fyrirfram gefnum hugmyndum um ákveðin málefni. Það kemur fyrir okkur öll að grípa til þess konar staðalímynda endurtekninga eða fyrirsagna ef við þekkjum ekki sjálf nægilega vel til málefna sem við erum beðin um að taka afstöðu til. Flóttafólk og innflytjendur verða mjög oft fyrir slíkum fordómum.

Ef við skoðum orðið fordómar felur það einmitt í sér að einhver fellir dóm án þess að kynna sér mál af sanngirni. Þar sem nánast er ómögulegt að kynna sér alltaf öll mál nákvæmlega áður en tekin er afstaða til þeirra hljóta flestir, ef ekki allir, að grípa einhvern tímann til fordóma.


Í tengslum við staðalímyndir, fordóma og fljótadóma er mikilvægt að skoða frekari afleiðingar sem geta verið sársaukafullar og alvarlegar fyrir þá sem verða fyrir þeim. Þar má nefna örارةitni sem líkja má við flugnabit og er einmitt útskýrt vel hér. Örارةitni getur verið hversdagsleg athugasemd líkt og þegar einstaklingur sem hefur annars konar yfirbragð, kannski dekkra hörund og hár, en meirihluti íbúa landsins er margsinnis spurður hvaðan hann eða hún sé eða hvort snerta megi hárið eða húðina.

+ Af hvaða rótum skyldu slíkar athugasemdir eða spurningar vera runnar?

+ Hvaðan sprettur til dæmis sú þörf að draga athygli að útlitslegum mun fólks?

Þess konar spurningar virðast sakleysislegar en þegar þær safnast saman getur einstaklingurinn sem fyrir þeim verður smám saman talið sig óvelkominn í samfélaginu, fundist erfitt að tilheyra á sama hátt og aðrir og upplifað sig óvelkominn. Öllu alvarlegra er þegar fólki er mismunað á grundvelli kyns, uppruna, trúar, kynhneigðar, fötlunar eða annarra viðlíka þátta. Í þessu felst að komið er verr fram við einstaklinginn eða jafnvel að staða hans gagnvart stofnunum er lakari en annarra. Slíkt er kallað stofnanabundin mismunun. Oft má rekja mismunun til fljótadóma eða fordóma þar sem fyrirfram gefnar hugmyndir um þekkingu, getu og hæfni einstaklinga eru bundnar neikvæðum staðalímyndum. Til dæmis er of oft litið svo á að nemendur sem geti ekki talað tungumál meirihlutans í skólanum hljóti að eiga í erfiðleikum með að læra eða hafi ekki mikilvæga þekkingu fram að færa í skólasamfélaginu. Þannig er nemendum af erlendum uppruna, sem tala annað tungumál en það sem notast er við í skólum þeirra, gjarnan mismunað um jöfn tækifæri til tjáningar og athafna innan skólasamfélagsins.

Þ FORDÓMAR MENNING, FJÖLMENNING





Tungumálið er ein mikilvægasta leiðin til tjáningar en þegar margbreytileikinn eykst er einnig mikilvægt að muna að við getum stuðst við ýmsar aðrar leiðir. Til dæmis fara samskipti ungs fólk mikið fram á netinu eða í gegnum samfélagsmiðla þar sem hljóð- og myndefni skipar stóran sess í tjáningu og samskiptum. Kannski er ein leið til þess að skapa tengsl og vináttu við þau sem tala ekki sama tungumál og við sjálf í gegnum myndir, tónlist, myndbönd eða samfélagsmiðla. Mynd getur jú sagt meira en þúsund orð!

Læra má ýmislegt af þeim sem ferðast um heimsins höf og lönd og kynnast ólíkum lífsháttum og alls konar fólki. Oft má greina af samantekt þeirra á reynslu sinni að það sé svo undarlegt að mannfólkið sé í grunninn eins, hvert sem komið er og hverjar sem aðstæður þess eru. Menningarlegur margbreytileiki þýðir líklega þegar upp er staðið að við erum á sama tíma öll eins og öll ólík. Við höfum öll það sem þarf til að mynda góð tengsl okkar á milli sem byggjast á virðingu hvert fyrir sérkennum annars. Að kynnast og jafnvel eignast vini felur ekki í sér að einhver þurfi að laga sig að öðrum og breytast heldur einmitt að allir fái að njóta sín til jafns út frá sínum sérkennum og sérstöku sögu. Þegar við kynnumst sögu og sérkennum annarra lærum við svo margt hvert af öðru og skiljum sjálf okkur og aðra betur.

JAFNRÉTTI KYNJJA



Við búum í heimi þar sem mannréttindi eru ekki sjálfsgöð réttindi eins og þau ættu að vera. Sums staðar njóta konur ekki sömu réttinda og karlar og annars staðar er hinsegin fólk sett í fangelsi og jafnvel tekið af lífi fyrir að vera trans eða fyrir að hafa elskað manneskju af sama kyni. Sums staðar eru réttindi barna fótum troðin og annars staðar njóta þau sem búa við fötlun ekki sjálfsgöðra réttinda. Sums staðar eru réttindi háð því hvort við séum rík eða fátæk og annars staðar því hvaða þjóðerni eða trúarhóp við tilheyrum.

Mannréttindi og jafnrétti eru ekki sjálfsgöð, heldur þurfum við að berjast fyrir þeim og standa vörð um þau svo að þau glatist ekki. Í þessum kafla lærum við að þrátt fyrir að við höfum náð langt í að tryggja kynjajafnrétti og réttindi kvenna á Íslandi, þá eigum við langt eftir til að tryggja sömu réttindi á heimsvísu.

Í löndum þar sem lagaleg réttindi hafa verið tryggð, er ekki víst að framkvæmd þessara laga tryggi öllum þau réttindi. Samfélög geta haft fullkomna löggjöf til að tryggja réttindi allra borgara en mismunað samt fólki vegna fordóma og vanvirðingar á lagalegum réttindum. Ávallt verður að hafa í huga að mannréttindi eru ekki sjálfsgöð. Ef við pössum ekki upp




á að tryggja mannréttindi, þá gæti fólk verið kosið til valda sem afnemur réttindi okkar.

Í heiminum hefur gengið illa að tryggja kvenréttindi og jafna stöðu kvenna og kvára í samfélaginu. Konum er mismunað í öllum ríkjum heims, hvort sem litið er til heilsu, efnahags, stjórn mála, menntunar eða vinnumarkaðar.

Síðustu áratugina hafa femínistar, baráttufólk fyrir kynja-jafnrétti, unnið ötullega að kvenréttindum og jafnri stöðu kynja um allan heim. Barátta þeirra hefur náð miklum árangri en hvergi hefur okkur enn tekist að skapa samfélag sem byggir á fullkomnu jafnrétti kynjanna. Misskipting gæða á milli kynjanna er enn mikil, karlar hafa mun fleiri tækifæri en önnur kyn og þeir hafa mun meiri völd.

Árið 2015 settu Sameinuðu þjóðirnar sér heimsmarkmið um sjálfbæra þróun sem eiga að leiða til betra lífs, lífsskilyrða og umhverfis árið 2030. Markmiðin eru sautján talsins og eitt þeirra er að tryggja jafnrétti kynjanna. Konur eru helmingur mannkynsins og án þeirra og án þess að tryggja kynjajafnrétti, getum við ekki tryggt sjálfbæra framtíð.





KYNJAKERFIÐ

Í öllum samfélögum heims má finna hugmyndir um á hvaða hátt kynin eru ólík, og hafa samfélög smíðað sér reglur um hvernig hvernig ólík kyn eiga að líta út, hegða sér eða klæða sig. Þessar óskrifuðu reglur köllum við **kynjakerfið**. Í þessum kafla lærir þú um kynjakerfi, hvernig það virkar, hvaða fólk passar ekki inn í ramma kynjakerfisins, hvernig kynjakerfið elur á fordómum og kvenfyrirlitningu og hvernig kynjakerfið gefur sumu fólki forréttindi í samfélaginu.

Kynjakerfið byggir á einfaldri tvíhyggju, að einungis séu til tvö kyn, **konur** og **karlar**. Kynjakerfið segir að þessi tvö kyn eru svo ólík að þau séu í raun andstæður hvort annars og einnig að þau laðist undantekningarlaust hvort að öðru en ekki að fólki af sama kyni. Í kynjakerfinu er útilokaður fjölbreytileiki mannkynsins og **samkynhneigt** fólk, **tvíkynhneigt** fólk, **pankynhneigt** fólk, **eikynhneigt** fólk, **trans** fólk, **intersex** fólk og **kynsegin** fólk passar ekki í kerfið.

Hugmyndir eins og þessar byggja á **staðalmyndum** um kynin þar sem allir „alvöru karlar“ og allar „alvöru konur“ búa yfir ákveðnum eiginleikum. Þar er ekki gerður greinarmunur á annars vegar





kyni, sem er það líffræðilega kyn sem einstaklingi var úthlutað við fæðingu, og svo **kyngervi**, en það er hvernig samfélagið býst við að einstaklingur hagi sér út frá þessu líffræðilega úthlutaða kyni.

Staðalmyndir kynjakerfisins fela í sér að fólk eigi að uppfylla ákveðin **kynhlutverk** þar sem útlit, hegðun og hugsun karla og kvenna eiga að vera gjörólík, svo sem að karlar eigi að vera stórir, sterkir og beita kaldri rökhugsun á meðan konur eigi að vera smágerðar, mjúkar tilfinningaverur.

Kynjakerfið er oft kallað **feðraveldi** en í slíku kynjakerfi gegna karlar flestum valdastöðum og það sem er tengt körlum og karlmennsku er hærra skrifað en það sem er tengt konum og kvenleika. Nafnið á feðraveldi hefur ekkert með þabba að gera heldur vísar nafnið til þess að á árum áður voru feður höfuð fjölskyldunnar og stjórnðu þeim sem tilheyrðu henni. Fjölskyldan var þannig í raun eign föðurins. Samfélagið, stofnanir þess, reglur og venjur voru skipulögð af valdamiklum körlum og tóku því fyrst og fremst mið af þörfum þeirra og hugmyndum.

Frá þessu fyrirkomulagi sprettur **kvenfyrirlitning** þar sem konur geta aldrei verið jafn mikilvægar og karlar og þar sem karlar og það sem þeir gera þykir mun merkilegra en það sem önnur kyn gera.

KYNJABOXIN

Þrátt fyrir að vera flest flokkuð í stráka- eða stelpubox við fæðingu, þá búum við öll yfir einkennum sem passa ekki svo vel við staðalmyndir um konur og karla. Hvaða eiginleika, hæfileika, áhugamál eða viðhorf hefur þú sem passa ekki í kynjaboxin?

Kvenfyrirlitningin þróast stundum út í kvenhatur þar sem allt sem er kvenlegt er talið óæðra og ef konur reyna að taka meira pláss í samfélaginu þá er þeim mætt af hörku. Í þessum aðstæðum er beitt **þöggun** en það er þegar raddir og skoðanir valdaminni eða jaðarsettra hópa eru hunsaðar eða gert lítið úr þeim.

Þrátt fyrir að samfélagið hafi breyst mikið frá því að karlar réðu langflestu, hafa karlar enn þá **forréttindi** á mörgum sviðum miðað við önnur kyn en þó ekki á öllum sviðum. Forréttindi karla geta birst til dæmis í því að þeir eru síður dæmdir fyrir útlit sitt, það er líklegra að öryggisbúnaður sé búinn til með líkamsbyggingu þeirra í huga og þeir eru líklegri til finna fyrirmyndir af eigin kyni á skjánum.

Það er heldur ekki þannig að allir karlar séu alltaf í betri stöðu en konur og kvár. Kyn eitt og sér er ekki það eina sem skilgreinir stöðu fólks í samfélaginu. Þannig geta aðrir þættir eins og stétt, kynhneigð, menningarlegur bakgrunnur, litarhaft, fötlun, líkamsstærð, aldur og annað haft áhrif á hvort fólk mæti fordómum og mismunun en almennt séð hefur kyn karla minni áhrif á það hvort þeir mæti mótlæti miðað við einstaklinga sem tilheyra öðrum kynjum. Yfirleitt er það þannig að ef einstaklingar tilheyra hópnum sem býr við ákveðin forréttindi þá taka þeir ekki eftir þeim fyrr en þeir missa þau. Það er kallað **forréttindablinda**.



SAGA FEMÍNISMANS

Síðustu áratugina höfum við náð langt í að tryggja kynjajafnrétti, þó enn eigum við langt í land. Við eigum þennan árangur að þakka alda-langri baráttu kvennahreyfingarinnar, baráttu femínista út um allan heim fyrir kvenréttindum og kynjajafnrétti. Í þessum kafla lærir þú um femínisma og um sögu femínísku hreyfingarinnar, allt frá baráttukonunum fyrir kosningarétti kvenna á 19. öld til baráttufólks 21. aldar sem berst fyrir réttindum fólks af öllum kynjum.

Femínismi er pólitísk hugmyndafræði. Femínistar trúa því að fólk af öllum kynjum sé jafnt og eigi að hafa jöfn réttindi, jöfn tækifæri og jafnan aðgang að allri þjónustu samfélagsins. Femínisminn á rætur sínar að rekja til pólitískrar baráttu sem hófst á 19. öld þegar konur í Bandaríkjunum og Evrópu fóru að berjast fyrir borgaralegum réttindum kvenna, svo sem kosningarétti, eignarrétti og rétti til náms og starfa. Með tímanum hafa baráttumál femínismans breyst eftir því sem samfélagið hefur breyst.

Oft er talað um fjórar bylgjur í kvenréttindabaráttunni. Fyrsta bylgjan miðar við 19. öld og fyrstu áratugi þeirrar tuttugustu, önnur bylgjan hófst um 1960 og stóð fram eftir 9. áratugnum og þriðja bylgjan

hófst á 10. áratug síðustu aldar. Mörg segja að við upplifum einmitt núna nýja bylgju femínisma, sem er þá sú fjórða. Hver bylgja hefur ákveðin sérkenni og í næsta kafla vörpum við ljósi á þessa þróun.

Fyrsta bylgjan: Baráttan fyrir borgaralegum réttindum

Lengi höfðu konur á Vesturlöndum minni lagaleg réttindi en karlar og færri möguleika á að njóta gæða samfélagsins. Á Íslandi höfðu konur ekki sama rétt og karlar til að erfa eignir foreldra sinna fyrr en árið 1850; jafnan kosningarétt og möguleika til að bjóða sig fram til embætta í sveitarstjórnnum öðluðust konur ekki fyrr en árið 1908. Réttur kvenna til náms og starfa var ekki tryggður fyrr en árið 1911 og konur fengu ekki almennan kosningarétt fyrr en árið 1915. Barátta kvenna á Vesturlöndum til að tryggja formleg borgaraleg réttindi sín hefur oft verið kölluð **fyrsta bylgja femínismans** og konurnar sem börðust fyrir þessum réttindum kallaðar **súffragettur**.

Mörg vilja rekja upphaf skipulagðrar kvenréttindabaráttu til Seneca Falls ráðstefnunnar sem haldin var í júlí 1848 í New York. Mörg þau sem börðust fyrir kvenréttindum börðust einnig fyrir afnámi þrælahalds. **Sojourner Truth** sem fæddist í þrældómi hvatti súffragettur 19.

aldar til að berjast ekki einungis fyrir réttindum hvítra kvenna heldur fyrir réttindum allra kvenna.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir var sú kona sem við eigum mest að þakka að konur á Íslandi fengu jöfn réttindi á við karla. Árið 1887 hélt Bríet, þá 21 árs gömul, fyrirlestur í Reykjavík um kvenréttindi, í fyrsta skipti sem kona á Íslandi hélt opinberan fyrirlestur. Árið 1907 stofnaði hún Kvenréttindafélag Íslands og einnig kvennaframboð sem bauð fram í bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík 1908. Flokkur Bríetar vann mikinn kosningasigur, fjórar konur voru kosnar í bæjarstjórn Reykjavíkur og voru þær stærsti flokkurinn. Konur fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis árið 1915 og árið 1922 var **Ingibjörg H. Bjarnason** kjörin á þing, fyrst kvenna til að sitja á Alþingi.

Önnur bylgjan: Kvennasamstaðan

Kvenréttindabaráttan fór í lögð eftir að konur fengu kosningarétt. Ekki vegna þess að konur hefðu náð jafnrétti, heldur vegna þess að kreppan mikla og seinni heimsstyrjöldin (1939-1945) setti samfélagið á hliðina.

Önnur bylgja femínismans er oft talin hefjast um miðbik tuttugustu aldarinnar, þegar Vesturlönd voru í mikilli uppbyggingu og fólk tókst á um ýmsar ólíkar hugmyndir um hvernig bæri að skipuleggja samfélög okkar og stjórnsmál.

Ýmsir hópar femínista komu fram á sjónarsviðið, hver með sína hugmynd um hvernig best væri að ná jafnrétti. Sumir femínistar vildu



rífa samfélagið, feðraveldið, upp með rótum, aðrir töldu verkalýðsbaráttuna lykilinn að jafnrétti og enn aðrir femínistar einbeittu sér að lagalegu jafnrétti.

Hér á Íslandi mörkum við upphaf annarrar bylgjunnar við 1. maí 1970 þegar konur fjölmenntu í kröfugöngu verkalýðshreyfingarinnar í Reykjavík. Þær gengu niður Laugarveginn og báru stóra Venusarstyttu sem á stóð Manneskja, ekki markaðsvara. Þá um sumarið var **Rauðsokkahreyfingin** formlega stofnuð. Þann 24. október 1975 lögðu konur á Íslandi niður störf í einn dag, í svokölluðu **kvennafríi**, til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna í samfélaginu.

Þrátt fyrir að mikil gróska hafi verið í starfi femínísku hreyfingarinnar á Íslandi á 8. og 9. áratugnum, þá voru konur útilokaðar úr stjórn-málunum. Konur stofnuðu sérstakan stjórnmalaflokk, **Kvennalistann**, árið 1983 og buðu fram til Alþingis. Kvennalistinn starfaði á Alþingi allt fram til ársins 1999 og hafði mikil áhrif á allt stjórnmalastarf.

Þriðja bylgjan: Fjölbreytileikinn

Þriðja bylgja femínismans hófst á 10. áratug síðustu aldar. Í henni var lögð áhersla á fjölbreytni og frelsi einstaklingsins. Femínistar gagnrýndu

fyrri bylgjur femínismans og sögðu þær einsleitar, að hvítar millistéttar-konur hefðu verið áberandi í baráttunni og að konur sem tilheyrðu minnihlutahópum, líkt og svartar konur eða samkynhneigðar eða fatlaðar konur, væru útilokaðar úr samtalinu.

Femínistar bentu á að það væri ekki aðeins kyn sem hefði áhrif á stöðu kvenna í samfélaginu, heldur einnig aðrir þættir líkt og uppruni, kynhneigð, stétt, líkamsgerð, fötlun og svo framvegis.

Í þriðju bylgjunni fóru femínistar að afbyggja kynjakerfið sjálft, þá hugmynd að aðeins séu til tvö kyn – karl og kona. Fólk fór að átta sig á að kyn væri flóknara en hægt væri að einfalda í þessa tvo flokka.

Kynvitund vísar til þeirrar upplifunar sem manneskja hefur af eigin kyni. Kynvitund getur bæði samsvarað eða verið andstæð því kyni sem manneskju var úthlutað við fæðingu. Flest fólk efast aldrei um kyn sitt, það fæðist í líkama með kyneinkenni sem samsvara upplifðu kyni og þá tölum við um að það fólk sé **sískynja**. **Trans** fólk fæðist hins vegar með kyneinkenni sem eru andstæð þeirra upplifun. Sumt fólk upplifir sig hvorki sem karl eða konur og er þá **kynsegin** og kallað **kvár** (samanber **kona** og **karl**).



Á Íslandi voru samþykkt lög um kynrænt sjálfræði árið 2019 sem kveða á um rétt einstaklinga til þess að skilgreina kyn sitt. Í þeim lögum er lagaleg skilgreining hugtaksins kyns opnuð þannig að nú er hægt að skrá sig sem konu, karl eða kynsegin/annað. Lagalega eru kynin ekki lengur bara tvö heldur geta þau verið fjölmörg.

Fjórða bylgjan: Samfélagsmiðlabyltingin?

Mörg vilja nú meina að við séum stödd í hringiðu fjórðu bylgju femínismans, enn er fólk ekki sammála um nákvæmlega hvað einkennir þessa byltingu.

Fjórða bylgja femínismans hefur oft verið tengd við samfélagsmiðla. Einstaklingar og hópar nýta sér samfélagsmiðla og internetið til þess að vekja athygli á málefnum og stofna umræðuhópa þeirra sem vilja sjá breytingar í átt að jafnrétti. Eitt af einkennum fjórðu bylgjunnar eru allskyns myllumerkjaherferðir, eins og #metoo, #églíka og #höfumhátt.

En einnig hefur fjórða bylgjan einkennst af dýpri skilningi okkar á fjölbreytileikanum. Það er ekki nóg að leggja áherslu á fjölbreytileika ef við breytum ekki samfélaginu öllu svo það taki tillit til þarfa ólíkra hópa og gefi öllu fólki á Íslandi sömu tækifæri á öllum sviðum samfélagsins.

Í dag er talað um að nú séum við í fjórðu bylgju femínismans. Hvaða baráttumál hefur þú tekið eftir sem má flokka undir fjórðu bylgju femínismans?



HELSTU ÁSKORANIRNAR Á ÍSLANDI



Hér á Íslandi og á Norðurlöndunum erum við komin langt í að tryggja jafnrétti kynjanna og kvenfrelsi en þó er enn langt í land að við náum fullkomnu jafnrétti.

Áskoranirnar sem bíða okkar eru stórar. Við þurfum að uppræta kynbundið kjaramisrétti, að konur fái borguð lægri laun fyrir störf sín en karlar. Við þurfum að uppræta kynbundið ofbeldi og ofbeldi gegn konum. Við þurfum að tryggja að fjölbreytileikinn njóti sín í samfélaginu, að fólk með ólíka líkama, ólíkan húðlit, ólíkan uppruna, ólíka kynhneigð, ólíka kynvitund, ólíka kyntjáningu, ólíkar skoðanir, að við fáum öll að taka fullan og óskertan þátt í samfélagsumræðunni og að okkur sé ekki mismunað á neinn hátt. Í þessum kafla verður staða jafnréttisbaráttunnar í dag skoðuð.

Kjaramisrétti

Árið 2021 höfðu konur á Íslandi að meðaltali 23,5% lægri atvinnutekjur í hverjum mánuði en karlar. Í þessum kafla lærir þú um helstu ástæður að baki kynbundnum launamun og hvaða verkfæri stjórnvöld og fyrirtæki hafa til að bregðast við þessu óréttlæti.

Ástæður fyrir því að konur hafa almennt lægri tekjur en karlar eru margvíslegar. Stundum er um **beina mismunun** að ræða, þegar fyrirtæki borga konum lægri laun fyrir sömu eða sambærileg störf karla. Önnur ástæða er sú að **konur vinna meiri ólaunaða vinnu**, svo sem við heimilisstörf eða að sinna fjölskyldu og börnum en karlar og verja því að meðaltali styttri tíma við launaða vinnu í hverjum mánuði. Að lokum getum við sagt að ástæðan á bak við þetta kjaramisrétti sé **sexismi**, sú staðreynd að starfsgreinar þar sem konur eru í meirihluta eru almennt lægra launaðar heldur en starfsgreinar þar sem karlar eru í meirihluta.

Hvað getum við gert til að uppræta launamun á milli kynjanna? Stjórnvöld á Íslandi hafa gripið til ýmissa aðgerða til að jafna launin og eru allar þessar aðgerðir mikilvægur þáttur í að vinna gegn kjaramisrétti.

Til þess að uppræta beina mismunun á vinnustað höfum við sett í lög að íslenskir atvinnurekendur þurfa að gangast undir **jafnlaunavottun** á þriggja ára fresti. Þetta þýðir að íslensk fyrirtæki og stofnanir þurfa reglulega að sanna það að ekki sé verið að mismuna gegn neinum starfsmanni, hvort sem vegna kyns eða annarra þátta. Einnig höfum

við sett í lög **kynjakvóta**, að konur verði að vera minnst 40% af stjórnunum fyrirtækja sem eru með fleiri en 50 starfsmenn.

Annar stór þáttur í kjaramisrétti er að konur vinna almennt meiri ólaunaða vinnu við heimilisstörf og umönnun en karlar vinna fleiri launaðar vinnustundir. Til þess að uppræta þennan mun þurfum við að tryggja að karlar taki meiri ábyrgð inni á heimilinu en þeir gera í dag. Verkfæri sem stjórnvöld hafa til að jafna þennan mun eru til dæmis **jafnt fæðingarorlof** og ódýr **dagvistun** fyrir öll börn. Þetta eru verkfæri sem hvetja karla til að taka þátt í umönnun fjölskyldunnar og gerir konum kleift að snúa aftur inn á vinnumarkaðinn.

Að lokum er það þriðji og stærsti þátturinn sem veldur launamun kynjanna: **skakkt verðmætamat samfélagsins**. Konur á Íslandi vinna meira en karlar í störfum við þjónustu, umönnun og fræðslu, sem eru lægra launuð en störf í starfsgreinum þar sem karlar eru í meirihluta, eins og í framleiðslu eða byggingarstarfsemi. Enn sem komið er eru fá verkfæri sem við höfum til að uppræta þennan mun. Þessi ástæða afhjúpar **kynjakerfið** sjálft, þá staðreynd að kvennastörf eru minna metin en karlastörf.



*Hvernig breytum við skökku verðmætamati?
Sumt fólk telur bestu leiðina að hvetja karla
til að fara í umönnunarstörf og konur í bygg-
ingarstörf. Aðrir telja betra að endurmeta
kvennastörf og hækka laun þeirra.
Hvað finnst þér?*

Eitt er víst og það er að við eigum ekki eftir að ná kynjajafnrétti fyrr en konur fá greidd sömu laun og karlar fyrir sambærilega vinnu. Fjárhagslegt sjálfstæði kvenna er undirstaða kvenfrelsis í samfélaginu.

Kynbundið ofbeldi

Eitt mikilvægasta málefni jafnréttisbaráttunnar hefur verið kynfrelsi en í því felst frelsi hvernar manneskju til að ákveða hvort og hvenær hún vill taka þátt í kynferðislegum athöfnum en einnig rétturinn til þess að fræðast um og hafa vald yfir eigin líkama. Í þessum kafla lærir þú meira um kynbundið ofbeldi, drusluskömm, nauðgunarmenningu, stafrænt kynferðisofbeldi og #MeToo.

Stór hluti af baráttu kvenna og kvára fyrir kynfrelsi hefur snúist um aðgang að getnaðarvörnum og að fólk megi njóta kynlífs á sínum eigin forsendum en ekki annarra. Það að ráða yfir sínum eigin líkama er að hafa rétt til að velja eða hafna þátttöku í kynlífi og að vera frjáls undan hvers kyns kynferðislegri misnotkun, svo sem nauðgunum, kynferðislegri áreitni og drusluskömm.

Drusluskömm er áfellisdómur sem fólk verður fyrir vegna þess að það fellur á einhvern máta ekki undir væntingar samfélagsins til kyn- eða kynlífshegðunar. Konur verða mun frekar fyrir



drusluskömm en karlar. Drusluskömm getur komið til vegna þess að einhverjum finnst kona klæða sig á óviðeigandi hátt, sýna mikið sjálfs-traust, hafa átt of marga bólfélaga eða hafa mikinn áhuga á kynlífi. Karlar sem sýna sömu hegðun verða ekki fyrir álíka drusluskömm. Drusluskömm er beitt til þess að niðurlægja fólk og er leið til þess að viðhalda ríkjandi hugmyndum um konur og kynlíf.

Kynfrelsi stangast því miður oft á við hugmyndir sem fólk hefur um hvað sé góð, rétt og æskileg hegðun þegar kemur að kynlífi. Þannig hefur kynfræðsla í skólum oft verið takmörkuð og beinst meira að kynsjúkdómafræðslu og hvernig eigi að nota getnaðarvarnir fremur en að öllu öðru sem nauðsynlegt er að vita til þess að stunda kynlíf á eigin forsendum. Þetta þýðir að hinsegin fólk fær ekki viðeigandi fræðslu sem hefur áhrif á kynheilbrigði þeirra.

Þegar kynfræðsluna skortir í skólanum leitar ungt fólk oft til internetsins. Þar finnur það klám sem gefur brenglaða hugmynd um hvað sé ásættanleg eða eftirsóknarverð hegðun þegar kemur að kynlífi. Grunnstefin sem má finna í klámi eru þau að karlar séu þeir sem stjórna í kynlífi og að konur eigi að gera það sem þeir vilja, að konur njóti þess hreinlega að láta níðast á sér. Í þessum birtingarmyndum eru konur hlutgerðar, settar fram eins og viljalaus verkfæri, á meðan karlar eru gerendur sem nota þær. Þessi birtingarmynd á samskiptum kynjanna í klámi er stór þáttur í því að skapa nauðgunarmenningu í samfélagi okkar.



Íslenskir strákar eiga Norðurlandamet í klámáhorfi. Hvaða áhrif heldur þú að klámáhorf hafi á samskipti kynjanna?

Einkenni nauðgunarmenningar er að í henni er gert lítið úr kynferðislegu ofbeldi, að það sé talið léttvægt eða jafnleg eðlilegt og að hægt sé að afsaka það. Birtingarmyndir nauðgunarmenningar geta verið margvíslegar, eins og til dæmis í nauðgunarbröndurum, með því að umbera eða afsaka kynferðislega áreitni og með því að kenna þolendum um nauðgun með því að segja að ef þeir hefðu bara klætt sig öðruvísi eða hagað sér á annan máta hefði þeim ekki verið nauðgað.

Þá er stór hluti af nauðgunarmenningu **gerendameðvirkni**. Gerendameðvirkni er það þegar fólk trúir ekki þolendum og reynir að útskýra eða afsaka hegðun gerenda. Þá hefur fólk meiri áhyggjur af því hvaða áhrif það hefur á gerendur að vera ásakaðir um ofbeldi en hvaða áhrif það hefur á fólk að vera nauðgað. Þessi viðhorf hafa haft þær afleiðingar að þolendur veigra sér við að stíga fram og leita réttar síns. Á Íslandi og í öllum ríkjum heims gengur illa að sækja til saka og sakfella fyrir kynferðisbrot.

Í íslenskum lögum er kynbundið ofbeldi skilgreint sem svo:

Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.



Þannig geta birtingarmyndir kynbundins ofbeldis verið andlegt, fjárhagslegt eða líkamlegt ofbeldi, heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi, mansal, vændi eða jafnvel morð.

Ein af nýlegum birtingarmyndum kynferðisofbeldis er svokallað **stafrænt kynferðisofbeldi**. Þá er efni sem sýnir nekt eða kynferðislega tilburði dreift án samþykkis eða því hótað, láti þolendur ekki undan vilja gerandans. Stafrænt kynferðisofbeldi þykir sérstaklega erfitt viðureignar þar sem gerendur geta oft hulið sig í gegnum netið.

Ungt fólk og börn eru ekki síst í hættu þegar kemur að stafrænu kynferðisofbeldi þar sem gerendur eru stundum jafnaldrar þeirra og fremja brotin jafnvel í hugsunarleysi. Stundum eru gerendurnir líka fullorðnir

einstaklingar sem vinna sér inn traust þolenda til þess að geta brotið gegn þeim.

Á undanförunum árum hefur farið í gang vitundarvakning sem hefur breytt hugmyndum margra um bæði útbreiðslu og alvarleika kynferðislegs ofbeldis. Árið 2018 fór **#MeToo byltingin** mjög víða og varð til þess að margar konur, sem aldrei áður höfðu stigið fram, sögðu frá kynferðislegri áreitni og ofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir. Frásagnirnar urðu til þess að margir þolendur áttuðu sig á því að reynsla þeirra var ekki einsdæmi. Fleiri sem höfðu aldrei leitt hugann að því hversu útbreitt kynferðisofbeldi er í raun og veru vöknuðu til vitundar í #MeToo byltingunni og kölluðu eftir breytingum í samfélaginu.

AÐ LOKUM

Jafnrétti kynjanna er grunnþáttur í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna erum við á sama tíma að vinna að öllum öðrum heimsmarkmiðunum.

Til þess að vinna markvisst að jafnrétti kynjanna þurfum við að vera gagnrýnin á samfélagið og hvetja til uppbyggilegrar umræðu um hvar við getum gert betur. Öll höfum við eitthvað til málanna að leggja og í sameiningu getum við breytt heiminum.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru stór og virðast kannski óyfirstíganleg en við náum þeim með að taka eitt skref í einu. Hvað getur þú gert í dag til að auka kynjajafnrétti í kringum þig?



MANNRÉTTINDI



Hver manneskja er fædd með sín eigin mannréttindi. Þó er það ekki þannig að mannréttindi allra séu virt. En mannréttindi eru samt grundvallarréttindi sem verða aldrei frá fólki tekin og eru alltaf í gildi. Segja má að þau séu uppskriftin að því hvað þurfi að vera til staðar svo fólk geti lifað og notið ákveðinna grundvallarlífsgæða. Allt fólk á það sameiginlegt að eiga mannréttindi og allir geta krafist þess að fá réttindi sín uppfyllt ef brotið hefur verið gegn þeim.

Réttindi fólks eru mörg og ólík og tengjast hvort öðru innbyrðis og eru hvert öðru háð. Sem dæmi um það þá er til dæmis rétturinn til að kjósa háður réttinum til að mennta sig og fá upplýsingar. Án þess að fá fræðslu og upplýsingar um hvaða valkostir standa til boða þegar kosið er í almennum kosningum, svo sem til Alþingis, þá er rétturinn til að kjósa bara orðin tóm og verður einstaklingnum ekki að gagni.

Sjálfbær heimur, sem við stefnum að, á að tryggja öllu fólki aðgang að nauðsynjum, öryggi og frið svo það fái notið mannréttinda sinna.



HVAÐA RÉTTINDI ERU MANNRÉTTINDI?



Mannréttindi eru þau grunnréttindi sem ríki heims eru sammála um að allir eigi að njóta án þess að vera mismunað og óháð uppruna, kyni, stétt, stöðu, trúarbrögðum og fleiri þáttum.

Mannréttindi eru réttindi sem eru skrifuð í mannréttindasamninga sem oftast hafa verið undirritaðir af mörgum ríkjum.

Mannréttindi eru þau réttindi sem eru lífsnauðsynleg, eru nauðsynleg til þess að fólk geti lifað, tekið þátt í lífinu og notið lífsins. Til að skilja hvaða réttindi geta talist vera mannréttindi er gott að nefna þau allra augljósustu og mikilvægustu:

-
- + Rétturinn til lífs

 - + Rétturinn til frelsis

 - + Rétturinn til mannvirðingar

 - + Rétturinn til friðhelgi einkalífs

Öll þessi réttindi eru algjör grundvöllur fyrir að manneskja geti lifað og dafnað sem einstaklingur.



HVAÐA RÉTTINDI ERU EKKI MANNRÉTTINDI?

Oft er sagt að mannréttindi hvers og eins takmarkist við mannréttindi annarra. Það sem átt er við með því er að fólk getur athafnað sig í frelsi og friði svo lengi sem það skaðar ekki aðra eða réttindi annarra. Þess vegna eru það til dæmis ekki mannréttindi að geta krafist þess að nágranni máli hús sitt grænt, jafnvel þó að það sé eini liturinn sem maður kann að meta.

Mannréttindi takmarkast líka af mörgu öðru. Meðal annars af því sem ekki er hægt að reikna með eða ekki er hægt að framkvæma. Það eru til dæmis ekki mannréttindi að geta krafist þess að það sé alltaf sól. Það eru ekki heldur mannréttindi að fá milljón á mánuði fyrir vinnu sína en það eru mannréttindi að fá nóg til að geta lifað með reisin, haft nægan pening fyrir mat, fötum og húsnæði.

Aðeins þau réttindi sem koma skýrt fram í mannréttindasamningum geta talist vera mannréttindi. Það getur þó stundum verið brot gegn einhverjum mannréttindum ef fólk er neitað um réttindi eða aðgang að gæðum eða þjónustu, t.d. þegar fólk með ákveðinn húðlit mátti ekki nota strætisvagna eins og annað fólk. Þannig fléttast mannréttindi næstum því alltaf inn í almenn samskipti og athafnir í daglegu lífi og í samfélaginu.

Það á sérstaklega við þegar um er að ræða samskipti einstaklinga við þjónustustofnanir sem ríkið rekur og starfsfólk þeirra. Til dæmis lenda fatlaðir einstaklingar oft í því að komast ekki þangað sem þeir þurfa að fara því að aðgengi fyrir hjólastóla er ekki gott.

RÍKI BERA ÁBYRGÐ

Það er á ábyrgð ríkja eins og Íslands, að tryggja mannréttindi fólks

Í mannréttindasamningum sem gerðir hafa verið kemur oft fram að ríki bera þá skyldu að tryggja að mannréttindi séu virt. Þess vegna þarf oft að setja lög, til dæmis lög um einhverja þjónustu sem þarf að veita fólki. Stundum þarf að búa til ákveðna þjónustu sem hefur ekki verið til áður, sjá til þess að fólk geti menntað sig til að geta veitt þjónustuna og svo þarf ríkið að passa að nægir peningar séu til staðar til að greiða fyrir kostnaðinn af þjónustunni. Dæmi um svona þjónustu er heilbrigðisþjónusta, skóla-kerfið, samgöngur, matvælaframleiðsla, þjónusta við fatlaða og fleira.

Ísland er aðili að mörgum mannréttindasamningum

Mannréttindasamningar eru oftast alþjóðasamningar sem þýðir að margar þjóðir eru aðilar að þeim, þ.e. samningsaðilar. Ísland er aðili að mörgum mannréttindasamningum, m.a. flestum mannréttindasamningum Sameinuðu þjóðanna, Mannréttindasáttmála Evrópu og Félagsmálasáttmála Evrópu.



Fyrstu mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt af Allsherjarþingi SP árið 1948 og er yfirlýsing um það sem telja skuli mannréttindi. Hún er þó ekki eiginlegur bindandi samningur í sjálfri sér, en eftir að yfirlýsingin var birt var hafist handa við að semja mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samþykktir voru árið 1966, Alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi annars vegar og Alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

DÆMI UM MANNRÉTTINDI

Mannréttindi eru af ýmsum toga og hér verða nefnd dæmi um helstu réttindi:

Rétturinn til lífs

Allir einstaklingar sem fæðast eiga rétt á að lifa og að vera ekki neitað um að lifa. Aðstæður þurfa að vera þannig að fólk geti skapað sér og fjölskyldum sínum gott líf. Þannig tengist rétturinn til lífs réttinum til að hafa lágmarksframfærslu, sem er að hafa nóg fæði, húsnæði, heilbrigðisþjónustu og öðrum réttindum sem leggja grunninn að því að einstaklingar geti lifað.

Rétturinn til að njóta friðhelgi einkalífs

Einstaklingar eiga rétt á að lifa án afskipta stjórnvalda af lífi sínu, heimili, samskiptum og öðru sem varðar persónuleg málefni.

Stundum þurfa stjórnvöld að koma til aðstoðar og trufla einkalíf ef eitt-hvað á sér stað sem krefst þess. Til dæmis þarf lögregla að bregðast við ef ofbeldi er beitt inni á heimilum og barnaverndarþjónustan þarf að hjálpa þar sem börn búa við vanrækslu eða slæma umsjón.

Rétturinn til atvinnu

Atvinnufrelsi eru mannréttindi og er meginreglan sú að fólk geti unnið sér inn laun á þann hátt sem það kys, að því gefnu að starfið eða þjónustan sem viðkomandi innir af hendi stríði ekki gegn lögum.

Rétturinn til heilbrigðisþjónustu

Sérhver manneskja á rétt til að njóta bestu mögulegu heilbrigðisþjónustu. Það þýðir til dæmis að allir eiga rétt á að fá lækniástoð ef þeir veikjast eða slasast.

Rétturinn til menntunar

Ríki þurfa að tryggja að það starfi skólar og að öll hafi tækifæri til að sækja sér menntun.

Rétturinn til að fá og hafa nægan pening

Öll eiga að geta aflað sér peninga til að geta haft nóg til að framfleyta sér og fjölskyldu sinni. Ef fólk getur ekki unnið, til dæmis ef það er

veikt, eiga stjórnvöld að sjá til þess að það fái fjárhagsstuðning svo það geti framfleytt sér.

Rétturinn til þátttöku í stjórnámálum

Að fólk geti tekið þátt í stjórnámálum er mikilvægt fyrir lýðræði. Fólk verður að geta gefið kost á sér til að taka þátt í samtali og starfi til að stjórna og taka ákvarðanir um málefni ríkisins.

Rétturinn til frelsis og mannvirðingar

Réttur til frelsis og mannvirðingar felur í sér tvenns konar réttindi, annars vegar réttinn til persónufrelsis og hins vegar réttinn til persónulegs öryggis. Réttur til persónufrelsis felur það í sér að það er ekki heimilt að frelssvipta og fangelsa einstakling á handahófskenndan hátt, án dóms og laga. Rétturinn til mannvirðingar og að njóta persónulegs öryggis felur í sér að lög þurfa til dæmis að banna að fólk sé beitt ofbeldi eða pyntingum og þannig eiga löggin að vernda fólk og tryggja öryggis þess.





Rétturinn til jafnræðis og að vera ekki mismunað

Öll eiga rétt til að njóta allra mannréttinda án mismununar og óháð stöðu, uppruna, kynþætti, kynferði, kynhneigð, fötlunar, stöðu for-eldra og annarra þátta.

Rétturinn til að eiga eignir

Þegar fólk eignast hluti, má ekki taka hlutina frá því. Stjórnvöld, fyrirtæki eða annað fólk mega ekki taka eignir sem fólk hefur eignast á réttan hátt.

Rétturinn til ríkisfangs

Allt fólk á rétt á að vera skráðir ríkisborgarar í einhverju landi.

Rétturinn til að vera ekki refsað nema að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi

Engum má refsa, setja í fangelsi eða láta greiða sektir, nema það hafi verið sannað að viðkomandi hafi gert eitthvað ólöglegt og refsivert.

Rétturinn til tjáningar

Tjáningarfrelsi felur í sér að geta sagt skoðun sína eða frá reynslu sinni. Það á meðal annars við um mál sem bregðast þarf við, til dæmis ef ofbeldi á sér stað eða ef einhver er beittur óréttlæti.

Jafnræðisreglan

Öll eiga rétt á að njóta mannréttinda og eru jöfn fyrir lögnum og eiga að njóta sömu réttinda í samfélaginu.



RÉTTINDI ÁKVEÐINNA HÓPA

Ýmsir mannréttinasamningar hafa verið gerðir sem tryggja ákveðnum hópum mannréttindi. Talið hefur verið að þeir hópar þurfi sérstaka vernd til að þeir fái notið sinna réttinda. Hér á eftir verða rakin dæmi um slíka hópa og um viðeigandi mannréttinasamninga.

Mannréttindi barna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna fjallar um mannréttindi barna. Hann er mjög mikilvægur því hann hefur haft mjög mikil áhrif á viðhorf til barna og margt hefur breyst sem bætir líf barna í heiminum eftir að hann var samþykktur.

Í Barnasáttmálanum er viðurkennt að börn eru einstaklingar með sín sjálfstæðu mannréttindi, óháð stöðu foreldra sinna eða annarra. Börn njóta ýmissa réttinda sem fullorðnir njóta ekki því þau eru hópur sem þarf sérstaka vernd. Umboðsmaður barna ber ábyrgð á að fylgjast með hvort mannréttindi barna sé virt og hvort einhverju

þurfi að breyta eða laga til að börn njóti réttinda sinna. Börn geta leitað til umboðsmanns barna ef þeim finnst vera brotið á rétti þeirra.

Mikilvægast við Barnasáttmálann er að hann tryggir börnum rétt til:

- + að vera vernduð, meðal annars fyrir ofbeldi og vanrækslu
- + að taka þátt í samfélaginu, að fá að tjá skoðanir sínar
- + að fá þjónustu og nægan pening til að lifa

Mannréttindi fatlaðs fólks

Fatlað fólk er hópur sem oft verður fyrir mismunun og hindrunum í lífinu og þess vegna er mikilvægt að réttindi þess séu sérstaklega tryggð í mannréttindasamningi. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks tók gildi árið 2008. Þar er meðal annars fjallað um að fatlað

fólk eigi rétt á að taka ákvarðanir um eigið líf og að vera sjálfstæðir einstaklingar. Fatlað fólk á rétt á að allt sé gert til tryggja að það sé mögulegt fyrir þau.

Kvennasamningurinn

Kvennasamningurinn er mannréttindasamningur sem Sameinuðu þjóðirnar gerðu til að banna mismunun gagnvart konum. Honum er ætlað að tryggja konum jöfn réttindi á við karla.

Samningur um afnám alls kynþáttamisréttis

Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis setur reglur um að það megi ekki mismuna fólki vegna kynþáttar þess og uppruna. Mismunun á grundvelli kynþáttar er til dæmis til staðar ef kínversku fólki er ekki leyft að taka þátt í íþróttamótum eða ef húðlitur ræður hverjir mega taka strætó og hverjir ekki. Samningurinn um afnám alls kynþáttamisréttis fjallar um aðferðir til að koma í veg fyrir fordóma og kynþáttahatur, eða rasisma.



DÆMI UM MANNRÉTTINDI SEM Í DAG ERU VIRT Á ÍSLANDI OG TALIN SJÁLFSÖGÐ EN VORU ÞAÐ EKKI ÁÐUR FYRR

Hjónabönd samkynhneigðra eru leyfð - Um það voru samþykkt lög frá Alþingi árið 2010.

Konur mega kjósa og allir íslenskir ríkisborgarar yfir 18 ára hafa kosningarétt - Allt til ársins 1915 höfðu konur ekki kosningarétt á Íslandi.

Börn má ekki beita líkamlegum refsingum - Áður fyrr þótti það mikilvægt og sjálfsagt að siða börn til með því að flengja (þ.e. rasskella) þau ef þau voru óþekk. Árið 2009 var bann við líkamlegum refsingum á börnum fest í lög.

Það má ekki skylda börn til vinnu - Áður fyrr var það talið sjálfsagt að láta börn taka þátt í bústörfum og þau voru látin vinna langa daga í heyskap, sauðburði og öðru sem til féll og þeim var treyst fyrir.

Kynin eru jöfn og hafa jafnan rétt - Um það voru sett lög árið 2020.

FRIDUR



Í þessum kafla lærir þú:

+ Hvað friður er

+ Hvað getur valdið ófriði

+ Hvað friðsamleg menning er

+ Hlutverk Sameinuðu þjóðanna í friði

+ Um mátt einstaklingsins

+ Um heimsmarkmið SD um sjálfbæra þróun



Friður getur haft margvíslega merkingu í hugum fólks. Hvað þýðir að búa við frið? Ein skilgreining á friði er t.d. þegar fólk býr við jafnrétti og jafnræði á öllum sviðum, t.d. á vinnumarkaði og á heimilinu og er fært um að leysa ágreining sín á milli án þess að til átaka komi. Flestir geta örugglega verið sammála um að vilja lifa í sátt og samlyndi við aðra, að hafa þak yfir höfuðið og geta átt fyrir helstu nauðsynjavörum. En ýmislegt í umhverfi okkar getur þó valdið því að friði okkar er ógnað og aðstæður leitt til þess að erfitt sé að lifa í sátt og samlyndi við aðra.

FRIDUR FRIDUR FRIDUR
FRIDUR FRIDUR FRIDUR





DAEMI

Dæmi 1

Halla og Gunnar eru nýbúin að kaupa sér fallegt hús í rólegum bæ þar sem þeim líður vel. Þau eiga Óla sem er sex ára. Hann á kött sem hann elskar og þykir mjög vænt um. Einn daginn keyrir nágranni þeirra yfir köttinn og drepur hann. Nágranninn kemur hlæjandi með köttinn og segir þetta ekkert mál, þetta sé bara köttur. Hann biður þau jafnframt um að fá sér ekki annan kött, því honum sé meinilla við ketti og gæti „óvart“ keyrt aftur yfir kött.

-
- + Hvað gera hjónin?

 - + Eiga þau að reyna að halda friðinn með því að segja ekkert, eða eiga þau að ræða við nágrannann um að hann hafi farið yfir ákveðin mörk?

 - + Er líklegt að friður muni ríkja á milli nágrannanna framvegis?

 - + Af hverju/af hverju ekki? Útskýrðu mál þitt.

Dæmi 2

Silvía á 12 ára dóttur sem gengur vel í skóla. Dóttirin er búin að ákveða að verða lögfræðingur þegar hún verður stór. Einn daginn tekur ný ríkisstjórn við í landinu og sett er í lög að einungis drengir megi fara í skóla, stúlkur eigi að halda sig heima við.

-
- + Hvað gera Silvía og dóttir hennar?

 - + Eiga þær að sætta sig við ástandið til að halda friðinn?

 - + Er líklegt að þær verði ánægðar með sitt hlutskipti?

 - + Getur raunverulegur friður ríkt án jafnræðis og jafnréttis?

 - + Af hverju/af hverju ekki? Útskýrðu mál þitt.

Mikilvægt er að jafnrétti og jafnræði ríki í samfélögum til að auka líkurnar á að friður ríki. Þegar brotið er á einstaklingum með einhverjum hætti, þeir búa við valdaójafnvægi og fá ekki tækifæri til að blómstra á eigin forsendum, þá skapast ágreiningur sem getur endað með átökum eða jafnvel stríði. Í mörgum löndum hafa stríð staðið yfir í langan tíma, staðan er þannig að það er stál í stál og engin lausn í sjónmáli. Íbúar viðkomandi landa þekkja jafnvel ekkert annað en að búa við stríðsástand og eru í hættu dag hvern að deyja eða að missa ástvini sína.

Reynum t.d. að setja okkur í spor fólks sem hefur þurft að lifa við stríðsástand í langan tíma. Það hefur e.t.v. misst heimili sitt í hendur ofbeldismanna og horft upp á ástvini sína deyja eða vera beitt misrétti eða alvarlegu ofbeldi. Er auðvelt að horfa framhjá slíku eða að fyrirgefa og lifa framvegis í sátt og samlyndi við ofbeldismennina?

Nelson Mandela sat í fangelsi í 27 ár fyrir baráttu sína gegn kynþáttamismunun í Suður-Afríku. Í byrjun var hann pyntaður og farið illa með hann og margir vinir hans voru drepnir. Þegar Mandela var látinn laus eftir allan þennan tíma sagðist hann hafa gert sér grein fyrir því

að ef hann myndi ekki sleppa tókum á biturðinni og hatrinu þá væri hann enn í fangelsi. Hann lagði áherslu á að leita sátta við fortíðina og hvatti aðra til að gera slíkt hið sama.

En það eru ekki einungis stríð og vopnuð átök sem skapa ófrið og stríðsástand í heiminum. Náttúruhamfarir af ýmsum toga gerast æ tíðari og nú er svo komið að frá síðustu aldamótum hafa að meðaltali um 100 þúsund manns látið lífið á hverju ári af völdum náttúruhamfara, s.s. fellibylja, jarðskjálfta, flóða og þurrka. Neyðarástand af völdum vopnaðra átaka, stríðs náttúruhamfara og sjúkdómsfaraldra hefur orðið til þess að fleiri hafa þurft að flýja heimili sín en í seinni heimsstyrjöldinni.

Verkefni

-
- + Kynntu þér sögu Nelson Mandela og íhugaðu hvort þú gætir gert eins og hann gerði, að leita sátta við óvininn.
-



STOFNUN SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA – AÐ VIÐHALDA FRIÐI

Seinni heimsstyrjöldin, sem stóð frá árinu 1939-1945, var ein mannskæðasta styrjöld mannkynssögunnar þar sem tugir milljóna manna létust. Bandamenn í því stríði voru Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína og Sovétríkin sem börðust á móti Öxulveldunum, þ.e. Ítalíu, Japan og Þýskalandi. Styrjöldin leiddi miklar hörmungar yfir fólk sem varð til þess að Sameinuðu þjóðirnar (SP) voru stofnaðar 24. október árið 1945. Tilgangur með stofnun þeirra var að koma í veg fyrir að hörmungar stríðsins myndu endurtaka sig. Sameinuðu þjóðirnar hafa þrjú meginmarkmið: Að viðhalda heimsfriði og öryggi, að útrýma fátækt og að vernda mannréttindi fólks.

Stofnun Sameinuðu þjóðanna var ekki fyrsta tilraunin sem gerð var til að koma á friði í heiminum. Má þar nefna Friðarsamningana í Vestfalíu

á 17. öld, Vínarfundinn á 19. öld og Þjóðabandalagið sem stofnað var eftir fyrri heimsstyrjöldina árið 1918. Allar þessar friðartilraunir fóru hins vegar út um þúfur og stríð braust út á ný.

Sameinuðu þjóðirnar eru alþjóðastofnun með höfuðstöðvar í New York í Bandaríkjunum. Upphaflegur fjöldi stofnríkja SP var 51 ríki en aðildarríkin eru nú 193 talsins. Sameinuðu þjóðirnar vinna eftir ákveðnum sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, sem er einskona stjórnarskrá. Verkefni samtakanna hefur breyst nokkuð frá því sem var í byrjun. Undir þessa málaflokka heyra nú ýmis verkefni eins og sjálfbær þróun, íbúafjöldi, heilbrigði, viðskipti, menntun, loftslagsmál, netöryggi, hryðjuverk o.fl.



STOFNANIR SEM TILHEYRA SP



Ýmsar stofnanir innan Sameinuðu þjóðanna vinna að því að hjálpa og aðstoða fólk víða um heim. Má því segja að SP komi á margan hátt í veg fyrir að átök eða stríð brjótist út. Af þessum stofnunum má nefna Matvælastofnun SP sem vinnur gegn hungri í heiminum, Flóttamanna- stofnun SP sem vinnur að málefnum flóttafólks, Barnahjálp SP sem aðstoðar og hjálpar börnum, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin sem vinnur að heilbrigðismálum, Menningarmálastofnun SP er vinnur að málefnum menntunar, vísinda og menningar og UN Women sem vinnur að réttindum kvenna og gegn kynbundnu ofbeldi.



ÖRYGGISRÁÐ SP

Öryggisráðið er stofnun innan SP sem sér um að viðhalda friði og öryggi. Ef upp koma átök eða deilur sem ógna heimsfriði þá er fyrst reynt að leita sátta með friðsamlegum hætti eins og sáttaumleitunum þar sem allir aðilar eru sáttir með niðurstöðuna. Ef það gengur ekki og átök halda áfram eða brjótast út, reynir Öryggisráðið að koma á vopnahléi á milli deiluaðila. Einnig eru friðargæsluliðar sendir á vettvang, ef það er mögulegt. Þrátt fyrir þá staðreynd að með stofnun Sameinuðu þjóðanna hafi ekki verið hægt að stöðva stríð og átök að öllu leyti þá hafa samtökin lagt mikið af mörkum til að vinna að friði og öryggi í heiminum. Þau hafa t.d.:

- + Útvegað mat fyrir um 90 milljónir manna í yfir 80 löndum ár hvert.
- + Lagt til meira en 125 þúsund friðarliða í fjórum heimsálfum.
- + Aðstoðað árlega um 70 lönd við kosningar.
- + Útvegað bóluefni fyrir þróunarríki.
- + Bætt og tryggt menntun barna.
- + Aðstoðað flóttafólk.
- + Hjálpað yfir 1 milljón kvenna í hverjum mánuði vegna erfðleika á meðgöngu.
- + Veitt aðstoð við um 170 friðarsamninga frá árinu 1945.
- + Lögfest yfir 500 fjölþjóðlega samninga, m.a. um mannréttindi, hryðjuverk, flóttafólk, afvopnun og alþjóðaglæpi.

FRÍÐSAMLEG MENNING

Óhætt er að segja að með tilkomu internetsins og alls kyns samskiptamiðla hafi upplýsingagjöf almennt aukist og samskiptaleiðir milli landa orðið einfaldari og fljótlegri. Hér áður fyrr var heimurinn lokaðri og samgöngur takmarkaðri en nú er. Auðveldara er að ferðast og boðið er upp á fjölbreyttar ferðir út um allan heim til fjarlæggra landa. Í kjölfarið hefur fólk haft tækifæri til að kynna sér ólíka menningarheima, upplifað nýja hluti og lært að setja sig í spor fólks af ólíkum uppruna. Ástandið í heiminum er misjafnt eftir heimshlutum, sums staðar ríkir friður en annars staðar er ófriður. Þar spilar ástandið í viðkomandi löndum stóran þátt, t.d. hvort það sé mikill vöxtur og gróska, næg atvinna, hátt menntunarstig og stuðningur við fólk. Í fátækum löndum er almennt lítill stuðningur við fólk eða alls enginn. Þá er ekki um að ræða velferðarkerfi sem styður við fólk t.d. í glímu við veikindi, fátækt, barneignir og atvinnuleysi. Þá er mikið atvinnuleysi og menntunarstig lágt.

Norðurlöndin eru almennt með sterkt velferðarkerfi sem styður við fólk og er ætlað að jafna tækifæri þess. Sveigjanlegri vinnutími er á vinnu- markaði sem gefur fjölskyldum tækifæri á að verja meiri tíma saman og auðveldara er að samhæfa vinnu og einkalíf. Á Norðurlöndum

eiga báðir foreldrar möguleika á að samþætta vinnu utan heimilis og barn- eignir. Foreldrar á Norðurlöndunum eiga að meðaltali rétt á orlofi frá vinnu í 345 daga fyrir hvert barn. Í mörgum löndum heims fá foreldrar ekki neitt fæðingarorlof þegar barn fæðist.

Konur á Norðurlöndum hafa tækifæri til að mennta sig að vild og fleiri konur en karlar eru með háskólamenntun. Víða í heiminum fá stúlkur og konur ekki að ganga í skóla og mennta sig. Á Norðurlöndum eru karlmenn þó enn í meirihluta í stjórnunarstöðum og komast almennt lengra upp metorðastigann en konur. Mannréttindi og tjáningarfrelsi er einnig stór partur af samfélögum Norðurlandanna. Mismunandi skoðanir fá að blómstra án þess að fólk eigi á hættu að gjalda fyrir skoðanir sínar, s.s. verða handtekið eða tekið af lífi.

Af öllu þessu leiðir að samfélög á Norðurlöndunum búa við meira jafnrétti og jafnræði og þar er friðsamlegri menning/samfélög en víða annars staðar á heiminum. En Norðurlöndin eru þó ekki alfarið laus við ofbeldi. Glæpir, ofbeldi og óréttlæti á sér þar einnig stað en kannski ekki í eins alvarlegri mynd og annars staðar.

KEMUR OKKUR ÞETTA VIÐ?

En ef við á Norðurlöndunum höfum það svona gott, af hverju kemur okkur þá við hvort aðrir hafi það ekki eins gott annars staðar í heiminum? Er það nokkuð okkar vandamál? Við sjáum alls kyns ofbeldi í fréttum og á samfélagsmiðlum, fólk sem hefur misst allt sitt í átökum og stríði, flúið heimili sín og stendur uppi allslaust.

Norðurlöndin eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum og taka þátt í ýmiss konar þróunarsamvinnu í samstarfi við alþjóðastofnanir. Þar með hafa þau skuldbundið sig til að taka þátt í að aðstoða og hjálpa þeim löndum þar sem lífsskilyrði eru ekki eins góð. Þörfin á neyðar- og mannúðaraðstoð fer vaxandi m.a. vegna fátæktar, vopnaðra átaka og loftslagsbreytinga í heiminum. Með þróunarsamvinnu sýna löndin samkennd í garð fátækari landa og sýna í verki að okkur er ekki sama um fólk annars staðar í heiminum. Markmið heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er m.a. að draga úr hungri og fátækt, vinna að mannréttindum, kynjajafnrétti og sjálfbærri þróun.

Verkefni

- + Kynntu þér heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Hvaða hlutverki gegna þau í friði?
-





HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

En hvað getum við gert til að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sýnt samkennd og látið til okkar taka? Í heimsmarkmiðunum er að finna ýmsar leiðir til að vinna að betri heimi. Fyrsta skrefið er að kynna sér markmiðin og hvað hver og einn getur gert. Til eru ýmis mannréttindasamtök, sem vekja athygli á óréttlæti, ofbeldi og glæpum í heiminum, t.d. Amnesty International og Human Rights Watch. Hlutverk þeirra er að fylgjast með og skrásetja mannréttindabrot víða um heim, vekja athygli á þeim og að kalla eftir stuðningi fólks. Slík samtök eru ákveðin forvörn og aðhaldsafl sem hafa komið í veg fyrir mannréttindabrot. Mannréttindabrot og ofbeldi þrífst í skjóli þöggunar og refsileysis og því er mikilvægt að hulunni sé svipt af þeim. Einstaklingar geta einnig styrkt ýmis hjálparsamtök sem aðstoða fólk í neyð.

Ungt fólk getur lagt sitt af mörkum með ýmsum hætti, t.d. gengið í samtök er vinna að mannréttindum og friði. Samtakamáttur fólks getur verið sterkt afl og sömuleiðis einstaklingsframtakið. Greta Thunberg og Malala Yousafzai eru gott dæmi um það.

GRETA THUNBERG

Greta Thunberg er aðgerðasinni fædd í Svíþjóð árið 2003. Hún hafði mikinn áhuga á umhverfismálum og byrjaði að kynna sér málefnið. Hún las um loftslagsvána og fannst ekki nóg að gert. Greta ákvað því að gera eitthvað í málinu, hætti að mæta í skólann og byrjaði að mótmæla ástandinu. Hún mótmælti fyrir framan sænska þingið árið 2018 þegar hún var 15 ára gömul. Hún lét í sér heyra og æ fleiri fóru að hlusta á hana og í kjölfarið hlaut hún heimsathygli. Nú hafa milljónir manna um heim allan sameinast henni í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og hún hefur fundað með mörgum af helstu leiðtogum heims. Greta er gott dæmi um mátt einstaklingsins.



MALALA YOUSAFZAI

Malala Yousafzai er fædd í Pakistan árið 1997. Hún mótmælti stefnu talibana í landinu um að stúlkur mættu ekki að fara í skóla. Talibanar voru einnig á móti því að fólk horfði á sjónvarp og spilaði ákveðna tónlist. Malala mótmælti ástandinu og vakti athygli heimsins. Í kjölfarið litu talibanar á hana sem ógn við málstað sinn. Einn daginn þegar Malala var á leið heim úr skólanum var hún skotin í höfuðið af talibana, þá 12 ára gömul. Hún lifði árássina af og ákvað að berjast fyrir bættum heimi barna, sérstaklega stúlkna. Malala hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 2014, einungis 17 ára gömul.



UNGMENNI OG HEIMSMARKMIÐIN



Í heimsmarkmiði nr. 16, **Friður og réttlæti**, er kallað eftir friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla jarðarbúa, að tryggður verði jafnari aðgangur allra að réttarkerfi og að byggðar verði upp skilvirkari og ábyrgari stofnanir á öllum sviðum.

Í heimsmarkmiði nr. 17, **Samvinna um markmiðin**, er kallað eftir auknu samráði og samvinnu um alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun og að gripið verði til aðgerða.

Í vinnu með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun er lögð mikil áhersla á að þetta sé ekki eingöngu málefni fullorðinna, heldur að unga fólkið láti í sér heyra og taki virkan þátt.

Á Norðurlöndunum eru starfandi svokölluð ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Í þeim eiga sæti ungmenni, á aldrinum 13-18 ára, sem hafa áhuga á að vinna að heimsmarkmiðunum og að láta rödd sína heyrast. Ungmennin funda nokkrum sinnum á ári, koma með tillögur að ýmsum málum og funda með ríkisstjórnnum landanna. Ungt fólk hefur verið virkt í baráttunni fyrir betri heimi, sérstaklega er varðar loftslagsmálin. Það gefur von um betri heim þar sem meiri friður og réttlæti ríkir.

FRÍÐARVERÐLAUN NÓBELS

Verðlaun sem veitt eru árlega til einstaklinga, stofnana eða samtaka sem unnið hafa að bræðralagi þjóða og að friði í heiminum.



NELSON MANDELA [1918–2013]

Einn helsti baráttumaður gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku. Hann sat í fangelsi í 27 ár vegna baráttu sinnar. Mandela var fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Suður-Afríku. Hann hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1993.

JANE ADDAMS [1860–1935]

Bandarísk baráttukona fyrir heimsfriði. Hún barðist fyrir réttindum kvenna og stofnaði alþjóðasamtök kvenna fyrir heimsfriði. Addams hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1932.

DR. MARTIN LUTHER KING JR. [1929–1968]

Þekktastur fyrir að berjast fyrir réttindum blökkumanna og gegn aðskilnaði kynþátta í Bandaríkjunum á 7. áratugnum. Hann talaði fyrir friðsamlegum aðgerðum og hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1964.

MAHATMA GANDHI [1869–1948]

Leiðtogi pólitískrar hreyfingar á Indlandi sem barðist fyrir sjálfstæði frá Bretum. Hann talaði fyrir friðsamlegum aðgerðum og fordæmði ofbeldi. Gandhi var tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels alls fimm sinnum en hlaut hins vegar aldrei verðlaunin.

MÓÐIR TERESA [1910–1997]

Nunna sem fædd var í Albaníu. Stofnaði trúarregluna Teresusystur sem hjálpaði þeim allra fátækustu. Hún hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1979.

LOFTSLAGS- BREYTINGAR



Í febrúar árið 1990 fékk gervitunglið Voyager 1 áriðandi skilaboð frá sköpurum sínum. Geimskipið átti að beina myndavélum sínum til baka og horfa heim. Í sólarátt voru reikistjörnurnar sem Voyager hafði heimsótt nokkrum árum áður. Geimskipið hlýddi skipununum og tók fjölskyldumynd af sólkerfinu okkar.

Á myndinni eru reikistjörnurnar örsmáir ljósdeplar. Úr þessari órafjarlægð lítur Jörðin ekki út fyrir að vera neitt mikið öðruvísi eða sérstakri en hinar reikistjörnurnar. En fyrir okkur er hún töluvert merkilegri og mikilvægari.

Jörðin er eini staðurinn, sem við vitum um, þar sem þú getur dregið andann. Hlustað á fuglana syngja. Fundið ilminn af blómum. Dýft tánum í sjóinn. Orðið ástfangin(n). Eignast börn og barnabörn.

Á Jörðinni hafa allir sem þú elskar, allir sem þú þekkir og allir sem þú hefur heyrt um lifað sínu lífi, svo vitnað sé til orða bandaríska stjörnufræðingsins Carl Sagan.

Það var ekki fyrr en við fórum út í geiminn og sáuum Jörðina úr fjarska, að við uppgötvuðum smæð hennar í alheiminum. Hvað lofthjúpurinn er þunnur, hve viðkvæmt lífið er.



Þegar við rýnum í sögu Jarðar sjáum við að loftslagið hefur oft tekið miklum breytingum. Hingað til hafa þær alltaf verið af náttúrulegum orsökum, svo sem breytingum á möndulhalla og sporbraut Jarðar, risaeldgosahrinum eða árekstrum við smástirni og halastjörnur. Hamfarir sem vart er hægt að ímynda sér. Þessar breytingar höfðu alltaf miklar afleiðingar. Lífið sjálft galt fyrir, því dýra- og plöntu- tegundir dóu út.

Í dag breytist Jörðin álíka hratt og í mestu hamförum í sögu hennar. Nú eru það hvorki eldgos né árekstrar sem eiga sök á, ekki heldur möndulhallinn eða sólin – heldur mannkynið sjálft. Náttúruleg ferli koma hvergi nærri.

Umhverfis- og loftslagsbreytingar af mannavöldum blasa við allt í kringum okkur. Þær hafa áhrif á hafið, andrúmsloftið, þurrlendið og lífið sjálft. Hafið er yfir allan vísindalegan vafa að vandinn er mannkyninu sjálfu að kenna.

Það er auðvelt að kvíða þessum breytingum. En góðu fréttirnar eru samt þær að vandinn er manngerður. Við þurfum bara að taka höndum saman sem einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld og leysa vandann í sameiningu.

Við verðum.




GRÓÐURHÚSAÁHRIFIN

Lofthjúpur Jarðar er merkilega þunnur. Um 80% hans eru innan fyrstu tíu kílómetra frá yfirborði hennar, vegalengd sem manneskja gæti skokkað á tæpri klukkustund eða svo. Þessi rýri hjúpur ver okkur samt fyrir tómarúmi himingeimsins og heldur líka Jörðinni hlýrri og notalegri.

Sólin okkar veitir Jörðinni birtu og yl. Það er auðvelt að mæla hversu mikla birtu. Í náttúrunni leitar allt jafnvægis. Jörðin líka. Sólarljósið sem berst okkur verður að vera jafnt orkunni sem Jörðin geislar frá sér út í geiminn. Löndin og höfin gleypa sýnilega sólarljósið í sig en vilja losna við orkuna aftur. Það gera þau með því að geisla frá sér innrauðu ljósi sem við sjáum ekki en finnum fyrir sem hita.

Væri lofthjúpurinn eingöngu úr nitri og súrefni kæmist hitinn hindrunarlaust út í geiminn aftur. Útreikningar á orkujafnvægi Jarðar sýna að á Jörðinni væri þá fimbulkuldi, um það bil 20 stiga frost að meðaltali. Höfin botnfrosin og við ekki til. Hvernig stendur þá á því að jörðin er miklu hlýrri?





Í andrúmsloftinu er ekki bara súrefni og nitur, heldur líka gróðurhúsalofttegundir eins og koldíoxíð, vatnsgufa, metan, klórflúorkol-efni (sem voru notuð í kæliskápa og úðabrusa) og fleiri efni. Þessar gastegundir draga í sig hitann sem Jörðin speglar frá sér. Eins og teppi eða sæng sem halda hitanum inni.

Jörðin verður að hitna til að ná jafnvægi á milli ljóssins sem berst til hennar frá sólinni og hitans sem Jörðin geislar í staðinn frá sér út í geiminn. Ef við reiknum út hversu mikinn hita þessar gróðurhúsalofttegundir gleypa, kemur í ljós að meðalhitinn á Jörðinni er í kringum $+13^{\circ}\text{C}$. Þess vegna eru höfin ekki frosin. Þess vegna eru lífsskilyrði á Jörðinni heppileg.

Þannig virka **gróðurhúsaáhrifin**. Þetta er sama eðlisfræði og skýrir hvers vegna hitastigið innan í bílnum þínum eða gróðurhúsi hækkar á sólríkum degi. Rúðurnar hleypa hitanum ekki svo auðveldlega út aftur.

Líf okkar er háð magninu af hinum ósýnilegu gróðurhúsalofttegundum. Smávægileg gróðurhúsaáhrif eru af hinu góða. Ef þú eykur þau með því að bæta gróðurhúsalofttegundum við andrúmsloftið – eins og við höfum verið að gera frá iðnbyltingu – gleypir andrúmsloftið meira af hitanum. Teppið utan um okkur þykknar. Jörðin hlýnar.

Í GRÓÐURHÚSI DAG OG NÓTT

Gróðurhúsaáhrif verða bæði nótt og dag á Jörðinni, því hitinn frá sólinni geislar líka burt frá yfirborðinu á næturnar. Ef hlýnun Jarðar er vegna aukins styrks koldíoxíðs í lofthjúpnunum en ekki vegna, til dæmis, aukinnar orku frá sólinni, þá ættu næturnar að hlýna hraðar en dagarnir. Og viti menn, það er einmitt nákvæmlega það sem við mælum. Mælingar sýna að köldum nóttum fer fækkandi á Jörðinni á meðan hlýjum nóttum fjölgar.

GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR

Styrkur eða magn gróðurhúsalofttegunda stýra meðalhitastigi Jarðar. Þó eru slíkar lofttegundir afar lítil hluti af andrúmsloftinu. Þótt vatnsgufa sé öflugasta gróðurhúsalofttegundin veltur magn hennar í andrúmsloftinu mjög á hitastiginu sem aftur er háð styrk koldíoxíðs (CO_2).

Koldíoxíð (CO_2) er mikilvægasta gróðurhúsalofttegundin vegna þess að hún endist svo lengi í andrúmsloftinu. Í lofthjúpnum er koldíoxíð í mjög litlu magni, kannski sem betur fer. Við lýsum styrk eða magni koldíoxíðs í lofthjúpnum í mælieiningunni ppm, sem stendur fyrir parts per million, eða hluta úr milljón. Fyrir hverjar milljón sameindir í lofthjúpnum eru „aðeins“ um það bil 420 koldíoxíðsameindir þegar þetta er skrifað eða 0,04% af lofthjúpnum. Þótt styrkurinn sé lítill eru áhrifin feykileg.

Meira koldíoxíð gerir lofthjúpinn hlýrri sem hrindir af stað eins konar keðjuverkun. Hlýrri lofthjúpur getur borið meiri vatnsgufu (því vatnsgufa er öflugasta gróðurhúsalofttegundin) sem eykur enn á gróðurhúsaáhrifin svo hitinn hækkar. Ef styrkur koldíoxíðs minnkar, lækkar hitastigið.




Sænski eðlisfræðingurinn og Nóbelsverðlaunahafinn Svante Arrhenius gerði sér fyrstur manna grein fyrir áhrifum koldíoxíðs á hitastig Jarðar í lok 19. aldar. Arrhenius var þá að reyna að skilja hvað hefði valdið ísöldum sem jarðfræðingar höfðu þá nýverið uppgötvað að hefðu skolið á annað slagið. Hann dró þá ályktun að ef styrkleiki koldíoxíðs í andrúmsloftinu minnkar um helming, dygði það til þess að meðalhiti Jarðar lækkaði svo mjög að ný ísöld skylli á. Og öfugt. Tvöfalt meira magn af koldíoxíði mundi leiða til þess að meðalhitinn hækkaði um 5-6°C.

Árið 1958 hóf bandaríski vísindamaðurinn Charles Keeling að mæla styrk koldíoxíðs í lofthjúpnum frá rannsóknarstöð á Hawaii. Þá var styrkurinn 315 hlutar úr milljón. **Á grafinu sést vel** hvernig styrkurinn hefur vaxið jafnt og þétt frá upphafi mælinga. Þar sést líka hvernig

styrkurinn vex og dvínar yfir árið. Þar sjást áhrif árstíðanna. Á sumrin dregur blómstrandi gróður koldíoxíð úr lofthjúpunum en skilar honum aftur þegar hann visnar á veturna. Að sumu leyti eins og andardráttur Jarðar.

Árið 2013 fór styrkurinn yfir 400 hluta úr milljón, í fyrsta sinn í 200 þúsund ára sögu mannkyns. Styrkur koldíoxíðs í lofthjúpi Jarðar hefur raunar ekki verið hærrí í meira en milljón ár! Hvernig vitum við það?

Loftbólur í ævafornum jökulís á Grænlandi og Suðurskautslandinu gera okkur kleift að sjá hvernig andrúmsloftið var samsett í fjarlægri fortíð. Loftbólurnar í ískjörnum sýna að á kuldaskeiðum ísalda var styrkur koldíoxíðs um 200 hlutar úr milljón. Á hlýskeiðum fór styrkurinn upp í 280 hluta úr milljón. Þessi örlitla breyting dugði til þess að jöklar stækkuðu eða hopuðu. Því fylgdu alltaf miklar umhverfisbreytingar – breytingar sem gerðust samt hægar en þær breytingar sem við sjáum í dag.



ÁBYRGÐ MANNSINS

Fyrir nærri þremur öldum fann mannkynið leið til að knýja vélarnar og tæki með ódýrri orku sem grafin var upp úr Jörðinni: Jarðefnaeldsneyti. Iðnbyltingin hófst og gjörbreytti ekki bara samfélaginu, heldur Jörðinni líka.

Við vissum það ekki þá en við bruna kola, olíu og gass, losna gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið. Gróðurhúsalofttegundir sem hafa áhrif á meðalhita Jarðar og þar af leiðandi veðrið, hafið og vistkerfið allt.

Stöðug brennsla okkar á jarðefnaeldsneyti er að breyta plánetunni gríðarlega hratt. Það hefur áhrif á alla jarðarbúa því koldíoxíðsameindir hafa hvorki vegabréf né virða landamæri.

Í dag er jarðefnaeldsneytisbálið okkar svo stórt að á hverju ári losar mannkynið í kringum 37 milljarða tonna – 37 gígatonn – af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið. Það er óskiljanlega stór tala en við skulum reyna að setja hana í skiljanlegra samhengi.

Árið 2010 varð eldgos í Eyjafjallajökli. Þegar mest lét spúði eldfjallið um 150 þúsund tonnum af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið á hverjum degi.

Losun mannkynsins jafngildir þá því að meira en 600 eldgos stæðu yfir samtímis um alla jörð. Alla daga, allt árið um kring, ár eftir ár.

Á aðeins þremur sólarhringum jafnar mannkynið árlega losun allra eldfjalla á Jörðinni. Við erum náttúruafl að valda miklum breytingum á einu plánetunni sem við getum búið á.

Eldfjöll eru hluti af hinni hægu, náttúrulegri hringrás kolefnis á Jörðinni. Þau losa kolefni rólega út í andrúmsloftið sem lífið, hafið og grjótið tekur upp með tíð og tíma. Kolefnishringrásin er í jafnvægi undir stjórn náttúruaflanna. Í dag hefur kolefnishringrásin raskast af mannavöldum.

Eldgosin minna okkur á hve tröllaukin áhrif okkar manna eru á náttúruna. Verkefni mannkynsins núna er að draga hratt og verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda og hætta að raska náttúrulegri hringrás kolefnis með öllum þeim hörmulegu afleiðingum sem það hefur í för með sér.

En hvernig og hvar þarf að draga úr losun?

LOSUN HEIMSINS

Losun er mest frá framleiðslu raforku og hita í heiminum. Næstmest er losunin frá landbúnaði og landnotkun eða hvernig við framleiðum matvæli heimsins og hvernig við förum með land, jarðveg og skóga.

Iðnaður, framleiðsla á málum og neysluvarningi eins og textíl, áli, stáli, járn og plasti, er þriðji stærsti losunarþátturinn.

Farartækin okkar, bílarnir, flugvélarnar og skipin, bera ábyrgð á um 14% af heildarlosuninni. Mörgum á óvart en þar eru bílar langstærsti þátturinn.


Framleiðsla á byggingarefninu sementi, sem er í dag næstalgengasta efnið sem mannkynið notar í dag á eftir vatni, veldur um það bil 6% af heildarlosun heimsins.

En hvað verður um þær gróðurhúsalofttegundir sem fylgja þessum athöfnum mannsins?

Plöntur á Jörðinni binda um það bil þriðjung losunar mannkynsins. Það eru einfaldlega ekki nógu margar plöntur til að binda alla losun



Hitastig miðað við meðalhita 1850–2021



okkar. Raunar er staðreyndin sú að mannkynið hefur brennt meira kolefni en bundið er í öllum plöntum á Jörðinni.

Sjórinn tekur líka við um þriðjung af losunarmagninu. Það er dýru verði keypt því hafið súrnar fyrir vikið. Súrnun sjávar hefur neikvæð áhrif á lífið í hafinu. Þegar súrustig sjávar lækkar eiga kalkmyndaðar lífverur, til dæmis rækjur og humar, erfiðara með að byggja upp skeljar sínar. Þú þekkir þetta örugglega líka. Súr vökvi skemmir tennurnar, sama efni og er í skeljum skeldýra.

Restin, næstum helmingur, verður eftir í andrúmsloftinu. Það er einmitt þessi viðbót sem veldur því að andrúmsloftið er að hlýna og loftslagið að breytast.

Vandinn er sá að koldíoxíð endist lengi í andrúmsloftinu. Þegar einstaklingur, fyrirtæki eða ríki losar það út í andrúmsloftið er það þar í langan tíma, í nokkur hundruð eða þúsundir ára. Stærstur hluti alls þess koldíoxíðs sem mannkynið hefur losað frá iðnbyltingu er enn í andrúmsloftinu að valda okkur vandræðum. Því er áhugavert er að skoða hvaða þjóðir hafa losað mest og bera sögulega mesta ábyrgð:

- + Bandaríkin: 400 Gt af CO₂ [25%]
- + Evrópusambandsríkin: 353 Gt af CO₂ [22%]
- + Kína: 200 Gt af CO₂ [12,7%]
- + Rússland: 101 Gt af CO₂ [6%]
- + Japan: 62 Gt af CO₂ [4%]
- + Indland: 48 Gt af CO₂ [3%]

Fátækustu þjóðir heims finna einna mest fyrir áhrifum loftslagsbreytinga á daglegt líf. Í gegnum tíðina hafa þær losað miklu minna af gróðurhúsalofttegundum en hinar.



HVAÐ ERU LOFTSLAGSBREYTINGAR OG HVERNIG BIRTAST ÞÆR OKKUR?

Veður er breytilegt frá degi til dags. **Loftslag** er meðaltal veðurs yfir langan tíma. **Loftslagsbreytingar** verða þegar hefðbundið veður á tilteknum stað breytist á löngu tímabili. Til dæmis hve mikið rignir á tilteknum stað á ári. Eða hvernig meðalhitastig á tilteknu svæði hækkar eða lækkar.

Þegar magn gróðurhúsalofttegunda eykst í andrúmsloftinu hækkar meðalhitastig Jarðar. Á rétt rúmri öld hefur magn koldíoxíðs í andrúmsloftinu vaxið hratt, svo meðalhitinn hefur hækkað um rétt

rúmlega 1°C. Það hljómar lítið en litlar breytingar á meðaltali geta haft mikil áhrif í för með sér.

Til að skilja það betur skulum við skoða normaldreifingu. Þegar við mælum hitastig á allri Jörðinni sést að meðalhitinn er í kringum +15°C sem er þá nálægt miðju línuritsins. Hitametin, sem eru sjaldgæf, eru sitt á hvorum endanum. Þegar Jörðin hlýnar hliðrast meðaltalið til hægri. Þá aukast líkurnar á mjög heitum dögum talsvert á meðan líkurnar á mjög köldum dögum minnka. Þetta þýðir líka að líklegra

er að hitamet verði slegin fremur en kuldamet. Það eru þessar auknu öfgar sem hafa áhrif á daglegt líf jarðarbúa.

Loftslagsbreytingar birtast okkur ekki aðeins í hækkandi hitastigi, heldur öfgakenndara veðri, bráðnandi jöklum, hækkandi sjávarmáli, kóralladauða, tilfærslu og fækkun dýra- og plöntutegunda, ýktari rigningu, auknum þurrkum, stærri gróðureldum, öflugri og lengri hitabylgjum og tíðari uppskerubresti með tilheyrandi röskun á lífi jarðarbúa.

Mælingar sýna einmitt að hlýnun Jarðar hefur nú þegar leitt til umtalsverðra breytinga á úrkomumynstri og -magni í heiminum. Fyrir hverja gráðu sem hlýnar getur andrúmsloftið borið 2-7% meiri raka (fer eftir því hvort við erum við miðbaug eða nálægt pólsvæðunum). Það rignir kannski ekki endilega oftar en þegar rigningin fellur, þá fellur hún með meiri ákafa en áður.

Breytt úrkomumynstur hefur áhrif á matvælaframleiðslu, heilsufar og lífsgæði fólks. Hún birtist okkur í skyndiflóðum þar sem bæði verður manntjón og eignatjón.

Annars staðar geta þurr svæði orðið þurrari. Fjöldi og lengd þurrkatíma hefur aukist um 29% frá árinu 2000. Flest dauðsföll af völdum þurrka

hafa orðið í Afríku. Skortur á vatni er áhyggjuefni fyrir margar þjóðir heims, sér í lagi í Afríku. Meira en tveir milljarðar manna búa við skort á hreinu vatni til drykkjar og hreinlætis.

Uppskerubrestur, ofsarigningar og öflugri, langvinnari hitabylgjur um heim allan leiða á endanum til röskunar á samfélagi manna og búsvæðum dýra. Vistkerfið veitir okkur mannkyninu þjónustu sem við erum að raska.

Barn sem fæddist árið 2020 mun að meðaltali upplifa þrjátíu öflugar hitabylgjur yfir ævina – sjöfalt fleiri en manneskja sem fæddist árið 1960. Barn fætt 2020 mun einnig upplifa þrefalt fleiri uppskerubresti og flóð og tvöfalt fleiri þurrka og gróðurelda en fólk fætt 1960. Þetta er háð því hvar fólk býr í heiminum. Ungar kynslóðir í Suður-Ameríku, Asíu, Afríku og Eyjaálfu munu verða fyrir meiri áhrifum en þær sem búa norðar á Jörðinni.

Að sama skapi mun ungt fólk þurfa að grípa til fleiri aðgerða til að halda hlýnun Jarðar í skefjum. Barn sem fæðist í dag þarf að losa átta sinnum minna af koldíoxíði yfir ævina en afar þeirra og ömmur. Sú kynslóð sem ber mesta ábyrgð verður ekki hér til að glíma við mestu og verstu áhrif loftslagsbreytinga af mannavöldum.



HVAÐ ÞURFUM VIÐ AÐ GERA?



Hvað er til ráða? Hvað getum við gert? Sem betur fer eru til ótalmargar lausnir við vandanum. Við verðum að:

-
- + Breyta framleiðslu raforku og hita í heiminum úr jarðefnaeldsneyti í endurnýjanlega orkugjafa, svo sem sólarorku, vatnsorku, vindorku og jafnvel kjarnorku.

 - + Hætta allri skógar- og landeyðingu, endurheimta vistkerfi, endurhugsa hvað við borðum og hvernig við framleiðum matvæli.

 - + Framleiða stál, sement, ál, fatnað og annað á miklu vistvænni hátt en við gerum í dag með nýsköpun, þróun og hringrásarhagkerfi að leiðarljósi.

 - + Notast við vistvænni ferðamáta, gera farartækin okkar vistvænni og breyta því hvernig við ferðumst á milli staða.

 - + Finna upp tækni sem fangar koltvísýring úr andrúmslofti og fargar honum.

 - + Aðlagast loftslagsbreytingum og bregðast við áhrifum þeirra.
-



Kerfisbreytingar eru lykillinn að ná árangri í þessum efnum. Þegar COVID-19 heimsfaraldurinn gekk yfir heiminn fannst mörgum sem samfélagið hefði stöðvast. Við héldum okkur heima, hættum að ferðast um stundarkorn. Þrátt fyrir það varð ekki nema um 7% samdráttur á losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum af völdum faraldursins. Til að ná markmiðum Parísar-samkomulagsins, um að halda hlýnun Jarðar innan 2°C, þarf 7,6% samdrátt í heimslosun á hverju ári til ársins 2030. Síðan þarf að halda áfram að helminga losun hvern áratug til 2050 þegar vonandi næst **kolefnishlutleysi**. Það þýðir að binding verður að vera jöfn losun gróðurhúsalofttegunda.

Með því að styðjast við vísindin, vera skapandi, vinna saman, þykja vænt um náttúruna og bera virðingu fyrir Jörðinni og því fjölbreytta lífi sem á henni þrífst getum við snúið þróuninni við. Við eigum bjarta framtíð framundan á Jörðinni – ef við tökum í taumana strax. Við höfum nefnilega staðið frammi fyrir risavönum áskorunum áður og leyst erfiða umhverfisvá með glæsibrag. Montreal-samkomulagið sem vann á ósonvandanum er gott dæmi um kerfisbreytingar sem leystu risavaxið vandamál.

Heimsmarkmiðin sautján og undirmarkmiðin 169 eru góður vegvísir í átt að betri heimi. Grundvöllurinn að hagsæld og friði í heiminum er aðgangur fólks að hreinu vatni (markmið 6), heilbrigt líf í vatni (markmið 14), heilbrigt líf á landi (markmið 15) og aðgerðir í loftslagsmálum (markmið 13).

KOLEFNISHLUTLEYSI

Með kolefnishlutleysi er átt við að losun gróðurhúsalofttegunda sé jöfn bindingu kolefnis. Því má líkja við baðkar. Bunan sem streymir úr krananum er losunin okkar en niðurfallið þar sem rennur úr baðkarinu er bindingin. Tappinn er að hluta til fyrir niðurfallinu, svo baðkarið mun yfirfyllast á næstu áratugum. Heimsbyggðin þarf að minnka bununa verulega – og taka tappann úr.



Árið 2015 samþykktu þjóðir heims í París í Frakklandi að halda hlýnun Jarðar innan við 2°C og leita leiða til að takmarka hana við 1,5°C. Þetta kallast Parísar-samkomulagið. Á fundinum lögðu þjóðir heims einnig fram hugmyndir um það hvernig draga mætti úr losun gróðurhúsalofttegunda svo ná mætti þessu markmiði. Strax var ljóst að loforðin dygðu skammt til að ná markmiðum samkomulagsins og uppfæra þyrfti þau síðar. En hversu mikill tími er til stefnu?

Frá upphafi iðnbyltingar hefur mannkynið losað um 2.400 gíгатonn af CO₂. Árlega losar mannkynið um 37 gíгатonn af CO₂. Fari losun yfir 300-500 gíгатonn til viðbótar eru litlar líkur á að það náist að halda hlýnun innan 1,5°C. Miðað við núverandi osun tæki það mannkynið því rúman áratug að missa af 1,5°C markmiðinu.

Losi mannkynið ríflega 1000 gíгатonn til viðbótar eru litlar líkur á að halda hlýnun innan 2°C. Miðað við núverandi losun tekur það þá 30 ár að missa af 2°C markmiðinu.

Þetta þýðir að mjög lítill tími er til stefnu áður en ekki má losa meira. Vinnslu jarðefnaeldsneytis úr nýjum olíu- eða gaslindum verður líklega að stöðva löngu áður en þær eru uppunar.





ÚR GASÍ GRJÓT

Það eru ekki aðeins tré og plöntur og vatn sem binda koldíoxíð í náttúrunni heldur líka grjót. Á Hellisheiði á Íslandi hefur aðferð náttúrunnar – að binda koldíoxíð í grjót – verið beitt í tilraunaskyni í nokkur ár og vakið heimsathygli.

Carbfix gengur út á að binda koldíoxíð í basalti, en basalt er algengasta tegund eldfjallagrjóts á Jörðinni. Því er hægt að nota Carbfix-aðferðina alls staðar þar sem basalt er að finna, svo sem í Bandaríkjunum, Rússlandi, Ítalíu og víðar. Líka á hafsbotni, sér í lagi á úthafshryggjunum, stærstu fjallgörðum Jarðar, sem eru næstum eingöngu úr basalti.

Þótt Carbfix-tæknin lofi góðu og sé mikilvæg lausn í baráttunni við hlýnun Jarðar, þá er hún ekki upphaf og endir alls. Förgun koldíoxíðs með þessari aðferð krefst mikils vatns og orku og orkuna þarf að framleiða á endurnýjanlegan hátt.

Verkefnið er ærið. Til að ná að halda hlýnun Jarðar innan við 2°C þarf að dæla niður meira en 100 milljörðum tonna af koldíoxíði á næstu þrjátíu árum. Það gerir rúma þrjá milljarða tonna á ári eða sem nemur helmingi losuna frá öllum bílum, flugvélum og skipum í heiminum á einu ári. Það er eins og meðalrennslið í Gullfossi, stöðugt, allt árið um kring. Á sama tíma er mikilvægast að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda á öllum sviðum.



HVAÐ GETUR ÞÚ GERT?

Þótt áhrifamestu breytingarnar náist með kerfisbreytingum eru lífstílsbreytingar samt sem áður mjög mikilvægur hluti af lausnunum. Að hjóla og ganga meira í stað þess að aka, borða meira grænmeti í stað dýraafurða, draga úr neyslu og endurnýta eru allt persónulegar aðgerðir sem aðeins auka lífsgæði. Það sem þú getur gert er að:

- + Kynna þér loftslagsmálin vel.
- + Ræða loftslagsmál við foreldra, ömmu og afa, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld.
- + Nýta kosningaréttinn þinn.
- + Veita peningum þínum í grænan farveg.

Dettur þér eitthvað fleira í hug?

ORKA

Orka er grundvöllur alls í nútíma samfélagi. Það skiptir verulegu máli hvernig við framleiðum orku. Eins og staðan er í dag koma um 85% af allri orku mannkynsins frá jarðefnaeldsneyti – kolum, olíu og gasi – en aðeins tæplega 10% frá endurnýjanlegum orkugjöfum, eins og vatnsafli, vindorku, sólarorku og jarðvarma. Restin kemur frá kjarnorku. Verkefni mannkynsins næstu áratugi er risavaxið: Að framleiða nánast alla orku með umhverfisvænum og endurnýjanlegum orkugjöfum. Lausnir við loftslagsvánni snúast því í raun um orku.

SJÁLFBÆRNI Í NÁTTÚRUNNI



Í þessum kafla lærir þú:


- + Að náttúran er uppspretta alls*

- + Að í náttúrunni þurfa ferlar og hringrásir að vera í jafnvægi*

- + Að fyrirbæri í náttúrunni geta verið annaðhvort náttúruleg eða manngerð*

- + Um sjálfbærni í náttúrunni*

- + Að röskun á ferlum náttúrunnar getur haft alvarlegar afleiðingar*



SJÁLFBÆRNI Í NÁTTÚRUNNI

Hvað er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú hugsar um náttúruna? Ef þú horfir út um gluggann á skólastofunni þinni, hvað sérðu þá? Hvaða gagn höfum við af náttúrunni? Til hvers er hún og fyrir hverja? Skiptir hún þig einhverju máli?

Náttúran er allt í kringum þig og er uppspretta alls. Fræðilega er hún skilgreind sem efnisheimurinn og þau lögmál sem um hann gilda. Oftast er þó náttúra skilgreind sem andstæða þess sem við mannfólkið höfum búið til eða skapað með veru okkar hér á jörðinni. Við tölum um að fyrirbæri séu annaðhvort **náttúruleg** eða **manngerð**. Til manngerðra fyrirbæra teljast til dæmis vegir, brýr, byggingar og önnur mannvirki, á meðan við skilgreinum stöðuvötn og goshveri, fjöll og skóga til náttúrulegra fyrirbæra. Við getum í raun sagt að náttúran sé allt í kringum okkur og á hverjum degi erum við bæði meðvitað og ómeðvitað að nýta okkur þjónustu hennar. Matur, vatn og efniviður í fatnað eru dæmi um mikilvæga þjónustu sem náttúran veitir okkur og er þá ótalin þjónusta í formi útivistar og ýmiss konar afþreyingar sem við stundum utandyra. Það er t.d. ekki sjálfgefið að hafa aðgang

að góðu útivistarsvæði í sínu nánasta nágrenni, svæði þar sem hægt er að spila fótbolta, grilla, fara í leiki, tína plöntur og þess háttar en slík upplifun veitir flestum okkar hamingju. Náttúran veitir okkur sumsé vatn, mat, föt, upplifun og hamingju. Þurfum við eitthvað fleira?

Til þess að náttúran geti veitt okkur þessa grunnþjónustu þurfa ferlar hennar og hringrásir að vera í **jafnvægi**. Í náttúrunni eiga sér stað ótalmargar hringrásir og ferlar þar sem bæði efni og orka flæða milli ólíkra hluta. Á venjulegum degi tökum við mannfólkið ekki eftir þessum hringrásum, þær eru allt í kringum okkur og eiga sér stað án okkar vitundar. Að jafnaði erum við t.d. ekki að velta því fyrir okkur hvaðan súrefnið sem við öndum að okkur í sérhverjum andardrætti kemur, né hvort vatnið sem kemur þegar við skrúfum frá sturtunni sé endalaust eða hvaða vegferð sængin okkar hefur lagt að baki áður en hún endaði í rúminu okkar. Við bara nýtum okkur þessa þjónustu náttúrunnar dagsdaglega og horfum gjarnan á hana sem sjálfsagðan hlut. Sem hún vissulega er að einhverju leyti. Svo framarlega sem ferlar náttúrunnar fá að vera í jafnvægi ríkir sjálfbærni í náttúrunni.



En hvað þýðir **sjálfbærni** í náttúrunni? Er náttúran í eðli sínu sjálfbær? Sjálfbærni í náttúrunni er í raun bara annað orð yfir það jafnvægi sem á og þarf að ríkja í náttúrunni. Stundum gerist það að jafnvægi í náttúrunni raskast. Þessi röskun getur bæði orðið af náttúrulegum orsökum en líka vegna áhrifa okkar mannanna. Dæmi um náttúrulega röskun er t.d. aukinn styrkur koltvísýrings (CO₂) í andrúmslofti vegna eldgosa eða náttúrulegra skógarelda. Dæmi um röskun af manna völdum er aftur á móti t.d. losun á koltvísýringi út í andrúmsloftið vegna brennslu okkar mannanna á kolum og olíu.

Tilvera okkar hér á jörðinni hefur óhjákvæmileg áhrif á ýmsa ferla og hringrásir í náttúrunni og þessi manngerðu áhrif eru stundum kölluð einu nafni umhverfisvandamál. Umhverfisvandamál eru gjarnan tengd því hvernig við mannfólkið vinnum hráefni og orku úr náttúrunni. Hlutir eins og hvernig við rekum verksmiðjur, hvernig við ræktum jörðina okkar og skógana, hvernig við stjórnnum veiðum og þvíumlíku hafa allir áhrif á sjálfbærni í náttúrunni. Sem betur fer erum við mannfólkið alltaf að bæta þekkingu okkur á ýmsum umhverfisvandamálum og þar með taka skynsamlegri ákvarðanir þegar kemur að því

að umgangast náttúruna. Þannig komum við í veg fyrir frekari umhverfisraskanir.

Sameinuðu þjóðirnar hafa bent á að til þess að árangur náist í umhverfisvandamálum verði allar þjóðir heims að taka þátt og sýna ábyrgð. Umhverfisvandamál eru hnattrænn vandi og lausnir við þeim þurfa að vera hugsaðar sem langtímalausnir. Í náttúrunni er að finna ýmsar auðlindir en **auðlind** er hugtak yfir eitthvað úr náttúrunni sem við mannfólkið getum gert okkur auð úr, þ.e. eitthvað sem nýtist okkur. Sjálfbærni í náttúrunni snýst um að nýta skuli allar auðlindir jarðarinnar þannig að komandi kynslóðir hafi sama gagn af þeim og við höfum nú. Þetta þýðir að við, sem erum núverandi kynslóð, þurfum að ganga um auðlindir náttúrunnar þannig að börnin okkar, barnabörn og barnabarnabörn hafi sama aðgang og við, að þeim.

En hvernig snýr þetta að þér? Eru þetta ekki ákvarðanir sem snúa frekar að stjórnvöldum, fyrirtækjum eða félagasamtökum? Getur þú gert eitthvað?



Umræðuspurningar

- + Ræðið um grunnþarfir ykkar. Hvað þurfum við úr náttúrunni til að geta lifað?

- + Horfið út um gluggann og finnið 5 manngerð og 5 náttúrugerð fyrirbæri.

- + Hvernig væri umhorfs á jörðinni ef þar byggi ekkert fólk?

- + Hvað geta einstaklingar gert til að takast á við umhverfisvandamál? En yfirvöld?

- + Skoðið heimasíðu Loftslagsráðs Íslands og kynnið ykkur starfsemi þess og hlutverk. Hverjar urðu helstu niðurstöður nýjustu Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP26) í Glasgow?

ÉG OG NÁTTÚRAN

Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú vaknar á morgnana? Kveikir ljós? Burstar tennur? Opnar ísskápinn og færð þér að borða? Allt eru þetta hlutir sem á einn eða annan hátt rekja uppruna sinn til auðlinda úr náttúrunni. Það þarf vatn til að búa til rafmagn. Það þarf jarðveg, sólarljós og vatn til að rækta hafrana sem eru uppstaðan í hafragrautum. Það þarf efnivið til að búa til tannburstann þinn.

Tilvera okkar og náttúrunnar er tengd órjúfanlegum böndum. Náttúran hefur áhrif á okkur og við höfum áhrif á hana. Náttúran getur lifað án okkar en við getum ekki lifað án hennar. Þess vegna er samband okkar við náttúruna svo mikilvægt og í raun ætti það að vera stærsta baráttumál okkar mannanna að umgangast náttúruna af virðingu og gætni. Einstaklingar sem skilja og virða samspil náttúru og manna eru taldir vera náttúrulæsir, þ.e. þeir kunna að lesa náttúruna og gera sér grein fyrir samspili hennar og okkar. Við ættum öll að til-einka okkur náttúrulæsi og þannig vinna að því að auka heilbrigði náttúru og umhverfis.

Sum samfélög eru þess eðlis að fólk er orðið mjög fjarlægt náttúrunni og ber ekki lengur skynbragð á hvernig hún virkar. Þeir sem alast upp



í stórborgum og eyða nánast allri sinni ævi í manngerðu umhverfi, geta átt á hættu missa sjónar á mikilvægi hennar. Við höfum reist okkur hús og verksmiðjur. Við framleiðum vörur úr ýmsum hráefnum, sendum þær milli svæða, ferðumst sjálf á milli svæða, vinnum málma og kol, dælum upp olíu og gasi, tökum nýtt land til ræktunar og höggvum skóga í meira mæli en nokkru sinni fyrr í mannkynssögunni. Til að knýja allar þessar manngerðu hringrásir áfram þurfum við mikla orku. Það má því segja að mannkynið sé orðið einhvern konar mið-depill í samfélagi sem byggir á hringrásum og auðlindum náttúrunnar.

Manngerðum hringrásum fylgja ýmis óæskileg umhverfisáhrif. Þar sem að við mannfólkið berum sjálf ábyrgð á mörgum helstu umhverfisvandamálum nútímans, verðum við að reyna að leysa þau. Það gerum við með breyttum lifnaðarháttum og samkomulagi margra landa. Of langt mál væri að telja upp öll umhverfisvandamál heimsins í þessum texta en hér verður fjallað um nokkur mikilvæg.



Loftslagsbreytingar eru ein stærsta umhverfisógn mannkyns í dag. Á síðustu árum hefur loftslag farið hlýnandi vegna aukins styrks koltvísýrings í andrúmslofti. Þessi aukni styrkur veldur áhrifum sem við köllum gróðurhúsaáhrif og birtast okkur í hækkun á hitastigi jarðar. Aukið magn koltvísýrings í andrúmslofti stafar t.d. af bruna okkar mannanna á kolum og olíu auk þess sem gróðurþekja í heiminum hefur farið minnkandi. Allur gróður bindur koltvísýring úr andrúmsloftinu sem þýðir að ef gróðurþekja minnkar, minnkar líka geta náttúrunnar til að binda koltvísýring úr andrúmslofti. Þá er ótalinn einn þáttur sem hefur umtalsverð áhrif á hlýnun jarðar en það er losun á metani í landbúnaði. Losun á koltvísýringi vegna samgangna (frá bílum, skipum og flugvélum) er mikil og fyrirséð er að ef



við breytum ekki hegðun okkar umtalsvert, mun það hafa ófyrirséðar afleiðingar fyrir náttúruna. Hnattræn hlýnun mun hafa afdrifríkar afleiðingar í för með sér fyrir allt líf á jörðinni. Sjávarborð mun hækka, vistkerfi hafanna breytast, öfgar í veðurfari aukast og þurrka-svæði jarðar munu breiðast út. Sem betur fer hafa flestar þjóðir heimsins skrifað undir alþjóðlegar skuldbindingar um að vinna saman að lausn á loftslagsvandinum. Slík vinna fer fram á ráðstefnum sem Sameinuðu þjóðirnar standa fyrir reglulega en þar setja þjóðir sér markmið og leiðir til að vinna að í framtíðinni. Vonandi ber okkur gæfa til að snúa loftslagsvandinum okkur í hag og þannig stuðla að sjálfbærri framtíð fyrir komandi kynslóðir.

Lífbreytileiki (líffræðileg fjölbreytni) felur í sér fjölbreytileika ólíkra lífvera á jörðinni þ.e. plantna, dýra, sveppa og örvera. Lífverur sömu tegundar geta verið ólíkar og sá breytileiki er einnig hluti af lífbreytileika. **Hnignun lífbreytileika** á jörðinni er meðal alvarlegustu umhverfisvandamála heimsins í dag. Allar lífverur hafa sitt hlutverk og ef ein lífvera er tekin út þá getur það haft slæmar afleiðingar í för með sér fyrir vistkerfið í heild. Þess vegna er mikilvægt að við verndum lífbreytileika og vinnum markvisst að því að viðhalda þeim lífbreytileika sem finnst í náttúrunni nú þegar. Árið 1994 undirritaði Ísland alþjóðlegan samning um að vernda líffræðilega fjölbreytni og skuldbatt sig þar með til að vernda svæði sem eru mikilvæg vegna lífbreytileika. Í samningnum felst að sjálfbærni verði alltaf höfð að leiðarljósi þegar verið er að nýta auðlindir (ss. við fiskveiðar, landbúnað og skógrækt).

Ein alvarlegasta afleiðing loftslagsbreytinga er **súrnun sjávar**. Hafið tekur upp hluta þess koltvísýrings sem losað er í andrúmsloftið sem gerir það að verkum að efnasamsetning þess breytist. Koltvísýringurinn binst vatninu í hafinu og til verður kolsýra sem gerir hafið súrara. Margar sjávarlífverur þola ekki sýruna og gildir það sérstaklega fyrir lífverur sem hafa stoðgrind úr kalki s.s. kóraldýr, samlokur og ýmis lindýr. Þessi dýr eru mikilvæg fæða ýmissa annarra dýra sem lifa í hafinu svo ljóst er að ef súrnun sjávar heldur áfram að aukast munu vistkerfi raskast og tegundum fækka.





Plastmengun er alvarlegt vandamál í náttúrunni. Plast er reyndar algjört undraefni og er í dag nánast órjúfanlegur hluti af tilveru okkar manna hér á jörðinni. Vandamálið við plast er ekki efnið sjálft heldur hvernig við umgöngumst það og notum. Hver Íslendingur notar að meðaltali 40 kg af plasti árlega, mest eru þetta einnota plastvörur (skyrdósir o.þ.h.). Mikið af þessum plastumbúðum endar í náttúrunni, annaðhvort á landi eða í sjó, og hefur skaðleg áhrif á umhverfið. Plast getur vafist utan um dýr og sum dýr skynja ekki muninn á plasti og fæðu og éta það. Örplast er litlar plastagnir sem helst er að finna í snyrtivörum, tannkremi og fatnaði. Þessar agnir berast gjarnan til sjávar og þaðan inn í fæðukeðju sjávardýra. Plastmengun er alvarlegt vandamál sem við eigum og þurfum að taka alvarlega.

Hér hefur verið stiklað á stóru um ýmis umhverfisvandamál sem öll eiga það sameiginlegt að tengjast veru okkar í náttúrunni. Öll náttúran er samþætt í vistkerfum og samspil þeirra er grundvöllur lífs okkar mannanna. Þess vegna þurfum við sem búum á litla Íslandi líka að vera meðvituð um umhverfisvandamál og leggja okkar af mörkum í baráttunni fyrir heilbrigði náttúrunnar.

Umræðuspurningar

- + Hvað getum við gert strax í dag til að styðja við heilbrigði náttúrunnar?
- + Er mikilvægt að gera alþjóðlega samninga um umhverfismál? Finnið rök með og á móti.
- + Finnið og ræðið 5 hluti sem þið getið gert til að hjálpa náttúrunni.
- + Loftslagsmál. Aflið ykkur upplýsinga um Parísarsamkomulagið og hvernig þjóðir heimsins vinna að loftslagsmarkiðum sínum.
- + Hvernig ógnar maðurinn hafinu?
- + Hvernig getum við viðhaldið lífbreytileika í náttúrunni?




VISTKERFI OG AUÐLINDIR

Hvað er vistkerfi og hvaða hlutverki gegna þau? Hvaða vistkerfi tilheyrir þú? Hvaða auðlindir nýtir þú dagsdaglega? Hugsar þú meðvitað um notkun þína á auðlindum jarðar? Vistkerfi og auðlindir eru uppstaðan í náttúrunni og því mikilvægt að við lærum að umgangast hvort tveggja á sjálfbæran hátt.

Í náttúrunni má finna alls konar og afar fjölbreytt vistkerfi. **Vistkerfi** er gjarnan skilgreint sem hópur af tilteknum lífverum (dýrum, plöntum og örverum) og umhverfi þeirra á ákveðnu svæði. Ólífrænir þættir í

umhverfi lífvera eins og berggrunnur, hitastig, vindur og sólgeislun eru þar með hluti af ákveðnu vistkerfi. Vistfræði er fræðigrein sem fjallar um tengslin á milli lífvera og tengsl þeirra við umhverfi sitt. Ef þú horfir út um gluggann á skólastofunni þinni núna sérðu vistkerfi og trúlega fleiri en eitt.

Við mannfólkið erum órjúfanlegur hluti af hinum ýmsu vistkerfum jarðar og nýtum okkur ýmiss konar þjónustu sem vistkerfi veita. **Vistkerfisþjónusta** er ávinningurinn sem fólk fær af vistkerfum og er hún



afar margþætt. Flestum er eflaust ljóst mikilvægi vistkerfa í fæðuframléiðslu. Allur matur sem við mannfólkið leggjum okkur til munns rekur uppruna sinn á einn eða annan hátt til náttúrunnar. Það sama gildir um vatnið. Við mannfólkið lifum ekki lengi án aðgengis að mat og vatni. Færri gera sér e.t.v. grein fyrir því að önnur þjónusta vistkerfa er ekki síður mikilvæg, s.s. miðlun og hreinsun vatns, myndun jarðvegs, niðurbrot lífrænna leifa, endurnýjun næringarefna í jarðvegi sem og endurnýjun súrefnis og hreinsun andrúmsloftsins. Þá felast mikil lífsgæði í möguleikum til útivistar og upplifunar á fegurð náttúrunnar.

Til þess að vistkerfi heimsins geti haldið áfram að veita okkur mannfólkinu lífsnauðsynlega grunnþjónustu, er afar mikilvægt að við þekkjum ástand vistkerfanna og umgöngumst þau með sjálfbærni í huga. Við þurfum líka að hafa skilning á mikilvægi þessarar þjónustu og vera tilbúin að meta og aðlaga lífsstíl okkar þannig að náttúran geti viðhaldið henni. Í þessu felst t.d. að sýna skilning á því að vernda mikilvæg svæði, vera meðvituð um hvað við getum gert til að viðhalda hreinni og ómengaðri náttúru og hafa í huga að raska hringrásum sem minnst.

Til þess að geta talað um sjálfbærni í náttúrunni þurfum við að skilja vel hugtakið **auðlind**. Orðið lind þýðir uppspretta en megin einkenni uppsprettu er að hún hættir aldrei að gefa. Auður merkir auðæfi eða ríkidæmi og því má segja að orðið auðlind þýði eiginlega uppspretta sem færir þeim sem notar hana auð. Auðlind getur þá verið hvaðeina sem maðurinn hefur gagn eða gaman af. Til auðlinda í náttúrunni telst t.d. jarðvegurinn sem við ræktum matinn okkar í, fiskurinn í sjónum, landið sjálft til útivistar, hreint loft og þekking til verðmætasköpunar. Náttúruauðlindir kallast þær auðlindir sem eru á eða undir yfirborði jarðar, t.d. grunnvatn og yfirborðsvatn (ár og vötn), frjósamur jarðvegur og gróður ýmiss konar, málmar, jarðhiti og orkulindir (olía, gas, kol, o.fl.), fiskur, sjávarföll og land til útivistar. Mikilvæg auðlind á einum tíma þarf ekki endilega að vera mikilvæg auðlind á öðrum tíma. Við notum gjarnan hugtakið auðlindanýting þegar við tölum um hvernig við mannfólkið nýtum okkur þær auðlindir sem náttúran veitir okkur. Auðlindir jarðar eru margar hverjar eftirsóttar og verðmætar og margar þeirra lífsnauðsynlegar eins og ferskvatn og gróðurmold. Átök í heiminum stafa oft af baráttu um auðlindir. Með stöðugri fjölgun mannkyns mun eftirspurnin eftir auðlindum verða meiri og meiri.



SÓL



VINDUR



VATNI



JARÐVARMÍ



LÍFMASSI



KJARNORKA

Auðlindum jarðar má skipta í 3 flokka:

- + Endurnýjanlegar auðlindir, s.s. sólar-, vind-, vatns- og sjávarfalla-orka. Eins og nafnið gefur til kynna þá endurnýja þessar auðlindir sig sjálfar þ.e. þær klárast ekki.
- + Óendurnýjanlegar auðlindir, s.s. málmar, kol og olía. Þessar auðlindir finnast í takmörkuðu magni á jörðinni og endurnýja sig ekki af sjálfu sér. Sé þeim sóað getur það leitt til þess að ekkert verði eftir handa komandi kynslóðum.
- + Auðlindir sem endurnýjast með takmörkunum, s.s. fiskistofnar, skóglendi og jarðhiti. Þessar auðlindir eru þannig að sé nýtingin á þeim sjálfbær munu þær endast um ókomna framtíð.

Það er mjög mikilvægt að fara vel með auðlindir jarðar. Ekki er sjálfgefið að þær verði alltaf til staðar. Ef illa er farið með þær eða þær ofnýttar, klárast þær. Auðlindanýting, þ.e. hvernig við nýtum auðlindir jarðar verður að byggjast á skynsamlegri nýtingu og endurvinnslu þ.e. hringrásarnýtingu. Óskynsamleg meðferð bitnar fyrst og fremst á okkur sjálfum.

Vistspor er stundum notað sem mælikvarði á þau áhrif sem við mannfólkið setjum á jörðina. Vistspor er því eins konar mat á því hvernig og hversu mikið við mannfólkið erum að nýta auðlindir jarðar. Það segir sig sjálft að ef fólk notar meira af auðlindum en ákveðið svæði býr yfir, er gengið á höfuðstól svæðisins. Frá því að mælingar á vistspori hófust hefur neysla fólks verið meiri en burðgargeta jarðar. Mælingar hafa sýnt að meðal vistspor hvers Íslendinga er mjög hátt og mun hærra en hjá mörgum öðrum löndum. Það þýðir að ef allir jarðarbúar höguðu sér eins og Íslendingar þá þyrfti mannkynið tæpar 13 jarðir til að nýta á sjálfbæran hátt. Gengur slíkt upp til lengdar?

Við erum hluti af náttúrunni og þurfum að læra að umgangast hana af hófsemi og virðingu. Allar lífverur í vistkerfinu skipta máli. Ein tegund lifir á annarri og deyi ein út, getur það leitt til þess að öðrum tegundum sé ógnað. Sjálfbær notkun auðlinda í náttúrunni er forsenda þeirra lífsgæða sem við mannfólkið búum við í dag.

Umræðuspurningar

- + Hvað er vistkerfi? Og hvað er auðlind?

 - + Hvaða þjónustu vistkerfa hefur þú nýtt þér í dag?

 - + Hver á auðlindir eins og vatn, fisk, olíu, kol og málma? Rökræðið.

 - + Hvaða álitamál eru efst á baugi á Íslandi í dag varðandi:
 - + Verndun auðlinda

 - + Nýtingu auðlinda (skoðið fjölmiðla)

 - + Hvað þarf að hafa í huga við nýtingu auðlinda?


 - + Finnið reiknivélar á netinu og reiknið út vistspor ykkar.
-

HAFÐU ÁHRIF!

Hvaða áhrif hefur minn lífsstíll á náttúruna og ferla hennar? Hvað hef ég gert? Hvað get ég gert og hvað er ég til í að gera? Hvert er vistspor mitt?

Nú er það svo að enginn einn getur allt en allir geta eitthvað. Þú hefur vald til að breyta hlutum hjá þér og um leið hafa áhrif á aðra. Þetta vald er dýrmætt og þú nýtir þér það helst með því að framkvæma og vera fyrirmynd. Hver einstaklingur getur nefnilega fundið lausnir og gripið til aðgerða sjálfur – þetta köllum við að hafa getu til aðgerða. Ef margir einstaklingar nýta sér sína „getu til aðgerða“, er líklegra að við náum árangri í því sem við berjumst sameiginlega fyrir. Þess vegna er mikilvægt að þú nýtir þína styrkleika og fáir aðra með þér í þá vegferð.

Við getum breytt heiminum saman og haft áhrif á samferðarfólk okkar með því að vera góð fyrirmynd. Við getum gengið í skólann ef við eigum þess kost, notað almenningsgöngur eða hjól og sameinast í bíla.





Við getum hætt að nota einnota umbúðir, afþakkað óþarfa plast og flokkað allan úrgang. Við getum líka minnkað neyslu okkur og reynt að kaupa minna af hlutum, fötum o.þ.h. Við getum breytt mataræði okkar og reynt að velja fæðu sem er umhverfisvænni en sú sem við neytum núna. Í raun og veru þurfum við að endurskoða alla okkar neyslu en neysla felst í öllu því sem við notum, kaupum og borðum. Við þurfum að spyrja okkur spurninga eins og: Get ég sleppt einhverju? Get ég valið einhvern umhverfisvænni kost? Og þannig velt því fyrir okkur hvort það að sleppa ákveðnum hlutum hafi áhrif á lífsgæði okkar.

Með því að afþakka allan óþarfa, eyðum við minni peningum, þurfum að endurnýta minna og minna fellur til í endurvinnslu en áður. Auðlindir jarðar og hráefni eru ekki óþrjótandi og því brýnt að nýta þau vel. Einkunnarorð okkar ættu að vera: Notum minna – notum aftur – endurvinnnum.

Við eigum auðvelt með að breyta okkur sjálfum og koma auga á það sem við getum gert til að draga úr okkar neyslu og þannig viðhalda



sjálfbærni í náttúrunni. En hvernig finnum við út úr því hvað þarf að gera í landinu okkar og á jörðinni sjálfri? Við þurfum að skoða samfélagið sem við búum í með gagnrýnum augum og beita gagnrýnni hugsun. Hvað er það í samfélaginu og umhverfi okkar sem skaðar náttúruna? Hvernig er hægt að bregðast við því, breyta, bæta og hafa þannig áhrif í kringum okkur að aðrir í samfélaginu vilji líka taka þátt? Við Íslendingar erum heppnir að búa í landi þar sem ríkir lýðræði en í því felst að við getum haft áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru af yfirvöldum. Náttúra Íslands er þjóðararfur og verðmæt auðlind okkar allra, bæði sem eru á lífi núna sem og allra ófæddra Íslendinga. Þess vegna verðum við að sýna henni virðingu og standa vörð um hana. Það

er eðlilegt að við rökræðum um eitt og annað sem snýr að náttúrunni enda fara verndun og nýting náttúrunnar ekki alltaf saman.

Okkar umhverfishegðun getur haft áhrif á aðra. Árangursríkasta leiðin til að hafa áhrif er að þrýsta á þá sem ráða í viðkomandi landi/sveitarfélagi og fræða annað fólk í kringum okkar. Þetta er einmitt sú leið sem sænski aðgerðasinninn Greta Thunberg hefur valið að fara í baráttu sinni gegn loftslagsbreytingum. Við getum sent góðar hugmyndir til stjórnvalda eða sveitarfélagsins, búið til auglýsingar, skipulagt mótmæli, bókað fund með bæjarstjóra/umhverfisfulltrúa og lagt fram óskir um úrbætur, skrifað í blöðin og margt fleira.



Hér eru dæmi um verkefni/viðfangsefni þar sem ungt fólk getur sannarlega haft áhrif:

+ Kaupbann

+ Fatabindindi

+ Minnka kjötát

+ Bæta flokkun á úrgangi

+ Fá skólann til að hætta að nota einnota vörur

+ Hreinsa plast úr sjó

+ Senda áskorun á bæjarýfirvöld

Þegar þú færð kosningarétt, 18 ára, er mikilvægt að þú nýtir hann og kjósir fólk til valda sem hefur sjálfbærni náttúrunnar og loftslagið í huga. Mundu að þú getur líka boðið fram krafta þína og óskað eftir að aðrir kjósi þig svo þú getir haft áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru í landinu um málefni náttúrunnar. Það þýðir nefnilega ekki að kvarta yfir því að aðrir geri ekkert, ef maður er ekki tilbúinn til að gera eitthvað sjálfur.

Mikilvægast af öllu er að þú vitir að þú hefur áhrif!

Umræðuspurningar

+ Hvernig getum við beitt áhrifum okkar til þess að hjálpa náttúrunni að vera áfram sjálfbær?

+ Tíminn líður og við skulum gefa okkur að þú sért 50 ára. Frá því að þú varst í grunnskóla hefur okkur tekist að snúa vörn í sókn í loftslagsmálum og þannig höfum við tryggt sjálfbærni í þeim málum. Hvernig fórum við að?

+ Hvers vegna vill sumt fólk vernda náttúruna og jafnvel leggja ýmislegt á sig til þess?

+ Hvers vegna er öðru fólki alveg sama um náttúruna og hefur engan áhuga á að taka þátt í verndun hennar?

+ Hvernig getum við fengið ráðamenn og stjórnvöld til að hlusta á okkur?

SJÁLFBÆR NEVSLA OG FRAMLEIÐSLA



Í þessum kafla verður varpað ljósi á okkar framleiðslu- og neysluhætti. Auk þess verður fjallað um það sem þarf að gera til þess að stuðla að sjálfbærri framleiðslu og neyslu og hvaða áhrif við getum haft til að flýta fyrir þeim breytingum sem verða að eiga sér stað.



INNGANGUR

Við jarðbúar erum öll hluti af hringrás jarðarinnar og það sem við gerum hefur áhrif á annað fólk og umhverfið alls staðar á jörðinni. Áhrifin eru mismikil, til dæmis eftir því hvar við búum, hvað við eigum mikla peninga og hvað við erum gömul. Við erum öll neytendur en við erum líka svo miklu meira en það.

Neysla felur í sér allt sem við kaupum, borðum og notum á annan hátt.

Við erum neytendur bæði vegna þess að við viljum það og vegna þess að án þess er okkur varla hugað líf. Við þurfum til dæmis að borða og fæst okkar hafa tíma í daglegu lífi til þess að gera matinn okkar alveg frá grunni. Meira að segja þegar við gerum heimagerða pítsu, þá er einhver annar búinn að rækta korn og mala hveiti fyrir okkur. Jafnvel þótt við gætum gert það sjálf þá þyrftum við bakaraofn til að baka pítsuna og það er ekki fyrir hvern sem er að búa hann til. Í bakaraofninn þarf ýmsar skrúfur, málma, rafmagn, hnappa og fleira. Allt þetta þarf einhver að búa til og efnin sem þarf í það verk koma frá jörðinni.




Allt sem við kaupum, borðum og notum kemur frá jörðinni. Allt sem er í kringum okkur, hefur jörðin útvegað. Fötin sem við klæðumst, matinn sem við borðum, tölvuna á heimilinu, sjónvarpið, fjarstýringuna og lengi mætti áfram telja. En heimili okkar á Norðurlöndunum litu allt öðruvísi út fyrir 100 árum síðan.

Umhugsunarefni:

Veltu því fyrir þér hvernig amma þín, afi eða aðrir af þeirri kynslóð lifðu.

- + Var jafn mikið dót á heimilinu?
- + Hvernig leit eldhúsið út? Heldurðu að það hafi verið til hrærivél og blandari?
- + Áttu þau jafn mikið af fötum og fólk í dag?



Með aukinni tækni og framþróun í samfélaginu hafa kröfur okkar og tækifæri aukist mikið. Alla jafna er að finna mun meira af fötum, framandi matvælum og tækjum á heimilum Norðurlanda í dag en áður. Það er ekki svo langt síðan fólk þurfti að afla sér eigin matvæla, t.d. með því að veiða sér í soðið eða mjólka kúnna á bænum. Föt voru unnin úr ull sem kom af kindunum af bænum og símar voru ekki einu sinni til á hinu hefðbundna heimili á Norðurlöndunum. Framleiðslan og neysla okkar haldast í hendur og hefur hún aldrei verið meiri en nú.

Í dag vitum við meira en áður um þau áhrif sem lífstíll okkar hefur á jörðina. Mikilvægt er að við þekkjum öll áhrifin og kunnum að bregðast við þeim (sjá kafla um loftslagsbreytingar). Heimsmarkmið 12 krefst þess að unnið verði að sjálfbærri framleiðslu og neyslu í náninni framtíð.

AÐ TAKA, BÚA TIL, NOTA OG HENDA

Í þessum kafla verður fjallað um ósjálfbæra framleiðslu og neyslu. Farið verður yfir þær breytingar sem hafa átt sér stað á lífernri okkar frá iðnbyltingunni og hvernig þær breytingar hafa áhrif á okkur í dag.


Sögulegt samhengi neyslu og framleiðslu

Framleiðsla og neysla í heiminum hefur breyst mikið á síðustu 200 árum. Breytingarnar má rekja til iðnbyltingarinnar, þegar fólk flutti úr sveitum í borgir og tækniframfarir voru gífurlegar. Á þessum tíma fór mannkynið að nota jarðefnaeldsneyti sem orkugjafa í auknum mæli. Á stuttum tíma hefur meðal ævilengd manna í heiminum lengst um rúmlega 20 ár og dánartíðni barna hefur lækkað mikið. Auk þess lifa mun fleiri við velsæld nú en áður. Nú á dögum er mun auðveldara að nálgast allt sem hugurinn girnist og kröfur okkar hafa aldrei verið meiri. Á síðustu áratugum höfum við aukið framleiðslu og neyslu okkar óskaplega.

Í þessari þróun hefur mannkynið gengið skarpt á auðlindir jarðar með ofnýtingu og mengun. Afleiðingar iðnbyltingarinnar á umhverfið og mannfólkið voru fæstum fyrirsjáanlegar á þeim tíma sem hún byrjaði en þær hafa á síðustu áratugum orðið æ sýnilegri (sjá kafla um loftslagsbreytingar).

Ósjálfbær neysla og framleiðsla haldast í hendur. Krafa um hagnað hefur knúið áfram ósjálfbærar aðferðir við framleiðslu. Framleiðendur velja gjarnan ódýrustu leiðina og því miður er hún oftast ekki sú sjálfbæra. Neysla fólks fyrr á tímum uppfyllti aðallega grunnþarfir eins og mat, drykk, húsnæði, klæði, svefnaðstöðu og lækniþjónustu. Í dag hafa flest okkar í ríku löndunum aðgang að öllum þessum grunnþörfum. Neyslan litast því meira af öðrum löngunum okkar, sem tengjast oftast ekki áherslu samfélagsins á hagnað og ofneyslu. Það eru óraunhæfar kröfur til lengri tíma. Ósjálfbærar framleiðsluáferðir og ofneysla valda loftslagshamförum, tapi á líffræðilegum fjölbreytileika og mengun.

Tólfta heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun gengur út á að við lærum af mistökum okkar og tryggjum ábyrga neyslu og framleiðslu sem fyrst. Með markmiðinu er ætlunin að fara betur með náttúruauðlindir jarðar, minnka matarsóun og efnamengun, stuðla að sjálfbærri starfsemi fyrirtækja og auka meðvitund fólks um það hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna. Mikil áhersla er lögð á að rík lönd, eins og Ísland og hin Norðurlöndin, séu í fararbroddi breytinganna. Öll rík lönd í heiminum bera mikla ábyrgð á loftslagsvandanum vegna þess að þau menga langmest.



Ósjálfbær neysla og framleiðsla

Ekkert verður til úr engu, allt kemur úr náttúrunni og fer aftur til náttúrunnar. Þannig er hreyfing allra lífvera og efna í stöðugum hringrásum (sjá kaflann um sjálfbærni í náttúrunni). Maðurinn er hluti af náttúrunni og var upphaflega hluti af þessum náttúrulegu hringrásum en raunveruleikinn í dag er annar.

Með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi myndum við fella jafn mörg tré og gætu vaxið upp á nýtt og án þess að trufla samspil lífvera og annarra efna í skóginum. Við ræktun á mat myndum við passa upp á frjósemi jarðvegs og lífbreytileika og að nota ekki skaðleg efni sem geta safnast upp í umhverfinu. Framleiðsla og úrgangur úr einni hringrás er hráefni fyrir þá næstu og svo koll af kolli. Þannig er t.d. búfjáraðurði (kúk og hland úr búfé) safnað saman og síðan dreift á túnin sem áburði er gefur plöntum næringu og viðheldur frjósemi jarðvegs. Lífrænn úrgangur (matarleifar) geta orðið að góðri næringu fyrir grænmetisgarðinn með því að búa til moltu.

Það ríkir mikið óréttlæti og ójöfnuður í dreifingu og útteilingu á neysluvörum, bæði innan og milli landa (sjá kafla um mannréttindi). Auðlindir jarðar eru takmarkaðar og við í ríku löndunum höfum ekki

LÍNULEGT HAGKERFI


Í staðinn fyrir að vinna með hringrásum náttúrunnar höfum við byggt upp línulegt hagkerfi þar sem við tökum efni úr náttúrunni, framleiðum eitthvað úr því, notum það í ákveðinn tíma og hendum því svo. Úrganginn er oft erfitt að endurnýta og endurvinna þannig að hann verður ekki áfram hráefni í hringrásum náttúrunnar. Þess í stað safnast hann upp og getur verið skaðlegur náttúrunni, eins og t.d. raftækjaúrgangur.

Sjálfbærni felur m.a. í sér að við nýtum náttúrulegar auðlindir jarðarinnar á þann hátt að þær geti endurnýjað sig.

einungis ofnýtt og mengað auðlindir okkar heldur einnig annarra fátækari þjóða. Skoðum einfalt dæmi – fötin sem við klæðumst. Í dag eru enn þá einstaklingar á lífi sem hafa kynnst því að fötin voru aðallega framleidd úr efni sem kom frá heimabænum, til dæmis úr ull. Svo breyttist þetta smátt og smátt og fötin sem við klæðumst í dag hafa oft langa ferðasögu áður en þau koma í fataskápinn okkar. Hinn dæmigerði stuttermabolur í dag byrjar sitt „líf“ á bóndabæ í Bandaríkjunum, Kína eða á Indlandi þar sem bómull er framleidd með notkun á miklu vatni, tilbúnum áburði og oft skordýraeitri. Bómullin er síðan hreinsuð, pakkað saman og flutt til annars lands þar sem unnið er áfram með hann og búið til efni. Það er síðan flutt í lönd þar sem hægt er að finna ódýrt vinnuafl eins og í Bangladess eða Kína. Þar er efnið saumað saman og stuttermabolurinn útbúinn. Að lokum er varan flutt til ríkra landa eins og Norðurlandanna þar sem við kaupum bolinn í verslun.

Gífurlegur munur er á neysluhegðun milli ríkra og fátækra. Ríkasta 1% jarðarbúa á meiri auð en hin 99% til samans og því ríkari sem þú ert því meira ert þú líka að menga (meira um óréttlæti og réttlæti í kafla um mannréttindi).

Þriðjungur matvæla í heiminum endar í ruslinu. Maturinn kemur iðulega frá fátækari löndum þar sem fleiri þjást af hungri. Við í ríkum löndum erum jafnvel að henda mat sem var framleiddur í fátækum löndum og nálægt fólki sem þjást af hungri.





Til umhugsunar

- + Er mikil matarsóun á þínu heimili?

- + Hvaða matur endar oftast í ruslinu heima hjá þér? Hvers vegna?

- + Hvar var maturinn sem endar í ruslinu framleiddur?

- + Hvað gætir þú gert til þess að bregðast við stöðunni?

Hvernig vitum við hvað við mengum mikið?

Vistspor er aðferð til að mæla hversu mikið maðurinn hefur gengið á auðlindir jarðar, s.s. hversu hratt og mikið hann nýtir þær og býr til úrgang, borið saman við það hversu hratt og mikið náttúran getur endurnýjað þessar auðlindir og tekið við úrganginum. Vistspor segir til um það haf- og landsvæði sem við þurfum til að standa undir neyslunni okkar. Því meiri sem neyslan er því stærra er vistsporið.

Ef allir lifðu eins og Íslendingar myndum við þurfa að minnsta kosti 6 stjörnur eins og jörðina til þess að standa undir neyslu okkar. Munur á vistspori þjóða er mikill og endurspeglar ójöfnuð heimshluta. Á Norðurlöndunum er vistsporið frekar hátt á meðan það er lágt í mörgum löndum Afríku og Suður-Asíu. Meðal vistspor landa í heiminum í dag er 1,7 jarðir.

Með þessum lifnaðarháttum okkar lifum við ekki innan þeirra þolmarka sem náttúran gefur, heldur lifum við á yfirdrætti, það er á kostnað komandi kynslóða. Það þýðir að mannkynið notar á hverju ári meira af auðlindum en jörðin getur endurnýjað á sama ári. Þetta hefur ekki alltaf verið svona en í kringum 1970 fór mannkynið að byrja að lifa á yfirdrætti.



Í ÁTT AÐ SJÁLFBÆRRI FRAMLEIÐSLU OG NEYSLU

Í þessum kafla verður fjallað um fjölmargar mögulegar lausnir í stöðunni. Enginn getur allt en allir geta eitthvað. Sumar lausnirnar þurfa að koma frá stjórnvöldum á meðan aðrar þeirra byrja með okkur sjálfum.

Í fullkomnu hringrásarhagkerfi myndu framleiðendur taka allar sínar vörur aftur og endurnýta hráefnin. Með hringrásarhagkerfinu færum við okkur frá línulegu hagkerfi. Við getum hannað flestar vörur á þann hátt að þær endist lengur, hægt sé að gera við þær, endurnýta stærsta hlutann og endurvinna afganginn. Við þurfum ekki að eiga alla hluti heldur getum við leigt vörur eins og t.d. þvottavélar og skilað þeim til framleiðenda ef þeir eru hættir að virka.

Hringrásarhagkerfið er ein af mörgum breytingum sem þurfa að eiga sér stað til að stuðla að sjálfbærri framleiðslu og neyslu. Hér eru nefndar nokkrar fleiri breytingar:

HRINGRÁSARHAGKERFI

Er hagkerfi þar sem vörur, hlutir og efni halda verðmæti sínu og notagildi eins lengi og mögulegt er. Þau hráefni sem notuð eru myndu þá ekki enda sem úrgangur í náttúrunni. Þess í stað væru hráefnin endurnýtt.



Hringrásarhagkerfið er ein af mörgum breytingum sem þurfa að eiga sér stað til að stuðla að sjálfbærri framleiðslu og neyslu. Hér eru nefndar nokkrar fleiri breytingar:

- + Nýta auðlindir á sjálfbæran hátt og virða að þær eru takmarkaðar
- + Nota aðra mælikvarða en hagvöxt til að meta velgengni þjóðar
- + Framleiða og neyta minna
- + Gæta réttlætis í nýtingu og dreifingu auðlinda
- + Þeir sem nýta auðlindir og menga borgi sanngjarnt verð fyrir það
- + Hröð skipti úr notkun jarðefnaeldsneytis yfir í endurnýjanlega orkugjafa
- + Skýrar reglur um starfshætti fyrirtækja varðandi sjálfbæra nýtingu og framkomu við starfsmenn
- + Endurhugsa, afpakka, einfalda og kaupa minna, endurnýta, endurvinna (sjá bls 94)

Það er í höndum stjórnvalda og fyrirtækja að koma flestum ofangreindum breytingum á laggirnar. Ríkin þurfa að setja lög og reglur til að koma þessu í lag. Í fullkomnum heimi gætu einstaklingar treyst því að það sem er framleitt hafi ekki skaðleg áhrif á fólk, dýr eða náttúruna.

Grænþvottur

Í kringum okkur eru allskyns upplýsingar um hitt og þetta sem okkur er talin trú um að sé umhverfisvænt. Nauðsynlegt er að beita gagnrýnni hugsun á þessar upplýsingar og velta sannleiksgildinu fyrir okkur. Grænþvottur á sér stað þegar fyrirtæki, stjórnvöld eða stjórnmalaflokkar villa um fyrir fólki með því að sýnast vera umhverfisvænni en þau raunverulega eru.

Dæmi um grænpvott

- + Vara er markaðsett með óljósum staðhæfingum um umhverfisáhrif sem erfitt er að sanna.
 - + Fyrirtæki eyðir meiri tíma í að fullyrða um að það sé grænt heldur en það eyðir í að innleiða viðskiptahætti sem lágmarka neikvæð umhverfisáhrif.
 - + Upplýsingum um mengun er leynt fyrir almenningi til þess að afurð virðist umhverfisvænni.
 - + Almennigur er sannfærður um að vara sé umhverfisvæn með því að bera hana saman við verri valkost af sömu gerð.
 - + Aðili gerir mikið úr framlagi sínu til umhverfismála sem er þó lítilvægt, borið saman við þann skaða sem aðili veldur og er haldið leyndum.
 - + Settar eru fram staðhæfingar um umhverfisvænleika sem eru einfaldlega rangar.
-

Við þurfum alltaf að beita gagnrýninni hugsun á auglýsingar. Rafmagnsbíll er vissulega umhverfisvænni en bensínbíll en það er þó enn umhverfisvænna að velja annan samgöngumáta á borð við hjól, strætó eða að fara fótgangandi þegar það hentar. Að sama skapi er nestisbox úr bambus vafalaust umhverfisvænna en álíka box úr plasti. En ef þú átt hins vegar nú þegar nestisbox úr plasti, þá er umhverfisvænast fyrir þig að nota það áfram á meðan það endist.

Hvað getum við gert?

Til þess að koma á mikilvægum breytingum í átt að sjálfbærri þróun eins og Sameinuðu þjóðirnar kveða á um þarf bæði öflugar aðgerðir stjórnvalda og breytingar á okkar eigin hugsunarhætti og lífsmynstri. Slíkar breytingar tengjast m.a. gildum okkar og viðhorfum auk getu og vilja okkar til aðgerða.

Öll getum við haft mjög mikil áhrif á neysluna í okkar eigin lífi. Auk þess getum við hvatt aðra til aðgerða og komið málefnum á dagskrá stjórnvalda. Byrjum á því að skoða hvað það er í okkar eigin lífi sem hefur áhrif.



Hver eru gildin okkar og hvernig tengjast þau neyslu?

Það mikilvægasta af öllu er að skoða gildin okkar því neysla mótast af þeim og út frá þeim getum við sett okkur markmið í lífinu. Hvað skiptir okkur mestu máli, fyrir hvað stöndum við? Hvaða eiginleika metum við í fari annarra og viljum hafa sjálf? Það eru gildin okkar. Það góða við gildi er að það má velja sér mörg til þess að fara eftir.

Að vera meðvitaður um gildi sín og og minna sig reglulega á þau getur skipt miklu máli við að stuðla að sjálfbærri þróun. Við erum meira en bara neytendur og verðum að vera meðvituð um það og lifa eftir því.

Ef virðing væri eitt af þínum gildum í lífinu, hvaða afstöðu tækir þú til eftirfarandi staðhæfinga? Rétt eða rangt?

-
- + Það er allt í lagi að ég hendi rusli í hafið, það er hvort sem er svo lítið og hafið er svo stórt.

 - + Það skiptir mig máli að vita að sá sem bjó til stuttermabolinn minn fékk mannsæmandi laun.

Virðing felur í sér að við setjum okkur í spor annarra, með velvild í huga og skoðum málin frá sjónarhorni annars aðila. Virðing er að fara vel

með jörðina og koma vel fram við aðra. Með því að stuðla að verndun jarðarinnar berum við virðingu fyrir henni. Ef virðing er okkur efst í huga er ójöfnuður gegn innri sannfæringu okkar.

Gildið nægjusemi er líka lykilatriði í því að stuðla að sjálfbærri framleiðslu og neyslu. Ef nægjusemi væri eitt af þínum gildum í lífinu, hvaða afstöðu tækir þú til eftirfarandi staðhæfinga? Rétt eða rangt?

+ Ég get keypt mér hamingju.

+ Ég hef ekki þörf á því að kaupa mér sífellt meira. Það sem ég á nægir mér.

+ Ég hugsa jákvætt og er þakklát/ur fyrir það sem ég á.

+ Mig skortir ekkert þannig séð en ég er sífellt að hugsa um það næsta sem ég ætla að kaupa mér.

Getur þú nefnt dæmi um það sem gerir þig hamingjusama/n og tengist ekki neinum hlutum?

Einstaklingsframtakið

Margt getum við sjálf gert til þess að hafa áhrif á umhverfismálin og sjálfbæra þróun og minnka þannig vistsporið okkar. Neysluþríhyrningur Landverndar er hannaður til þess að hjálpa einstaklingum við nákvæmlega þetta.

Endurhugsum

Það mikilvægasta sem við gerum til þess að draga úr eigin neyslu er að endurhugsa hana. Hvað erum við að kaupa og nota og af hverju? Er eitthvað af því óþarfi? Manstu eftir einhverju sem þú hefur keypt þér sem þú notaðir lítið sem ekkert?

Mataræðið er eitt af því sem við getum endurhugsað. Það þýðir ekki að við ættum að borða minna, heldur skiptir mestu máli hvað við borðum og hvort við erum að henda mat. Matur er misjafnlega umhverfisvænn og einn þriðji af framleiddum mat fer í ruslið. Það er eins og þú myndir fá þér þrjá skammta af hádegismat og henda einum strax í ruslið áður en þú sest við borðið og snæðir.

Þegar við kaupum eitthvað inn er góð regla að skoða hvort varan samræmist okkar gildum. Frá hvaða landi kemur varan? Fær starfsfólkið í framleiðslunni mannsæmandi laun? Hefur varan þungt vistspor? Hvaða áhrif hafði varan á velferð dýra? Oft getur verið erfitt að finna svörin við öllum spurningum okkar. Til þess að einfalda okkur valið er gott að þekkja viðurkennd umhverfismerki sem segja til um t.d. framleiðsluhætti, umhverfisáhrif og mannréttindi.

Það að endurhugsa neysluna felur líka í sér að skoða ferðalögin sem við förum í og hvernig við ferðumst. Förum við til dæmis á bíl í skólann eða hjólum við? Förum við í margar styttri utanlandsferðir á ári eða eina lengri? Allt þetta hefur áhrif á vistsporið okkar.

Afþökkum

Með því að afþakka allan óþarfa spörum við okkur tíma, þar sem við þurfum ekki að finna pláss fyrir óþarfan eða finna út hvernig á að skila honum til endurvinnslu þegar þar að kemur. Færð þú stundum óþarfa í jólagjöf eða afmælisgjöf? Gott ráð er að segja öllum gestum hvað þú raunverulega vilt fá að gjöf. Ertu að safna þér fyrir einhverju? Láttu

mömmu og pabba segja öllum frá. Það eykur líkurnar á því að þú fái pening fyrir því sem þig langar í og minnkar líkurnar á að þú fái óþarfa í gjöf. Svo má líka velja gott málefni og styrkja góðgerðasamtök fyrir gjafaupphæðina.

Einföldum og kaupum minna

Með því að einfalda og kaupa minna spörum við pening og þurfum sjaldnar að taka til. Nokkur ráð sem hjálpa þér við þetta skref eru:

-
- + Förum vel með hluti svo þeir endist lengur.

 - + Söfnum fyrir gæðavörum og fötum sem endast lengi, í stað þess að kaupa ódýr föt og vörur sem endast stutt.

 - + Ef þig langar að kaupa eitthvað er gott að bíða í nokkra daga og sjá til hvort löngunin endist.

 - + Forðumst að fara svöng að versla.



Endurnýtum

Það eru mikil verðmæti í hlutunum, jafnvel þó við séum hætt að nota þá. Föt er hægt að gefa eða selja áfram, eða nota efnið til þess að sauma eitthvað glænýtt. Sama má segja um hluti. Raftækjum má stundum skila til framleiðanda eða aðila sem gerir þau upp og selur aftur.

- + Kaupum notað frekar en nýtt.
- + Fáum hluti lánaða í stað þess að kaupa þá.
- + Leigjum hluti sem við þurfum aðeins til skamms tíma.
- + Gefum gömlum hlutum nýjan tilgang með því að breyta þeim í eitthvað annað.
- + Gefum það sem við notum ekki lengur, t.d. föt, leikföng og hverskyns hluti til þeirra sem gætu notið góðs af því.





Endurvinnum

Endurvinnsla er vissulega mikilvæg en við ættum bara að endurvinna það sem við getum ekki afþakkað, sleppt því að kaupa eða endurnýtt. Þegar við þurfum að kaupa eitthvað í umbúðum sem þarf að endurvinna, getum við í það minnsta valið að kaupa það sem raunverulega er hægt að endurvinna. Skoðið umhverfismerkin á vef umhverfisstofnunar til að vita meira.

Áhrif okkar á stjórnvöld og fyrirtæki

„Þú ert aldrei of smár til að geta haft áhrif“ – eru mikilvæg orð hennar Gretu Thunberg. Hún hefur svo sannarlega sýnt það í verki með því að eiga stóran þátt í þeirri miklu alþjóðlegu hreyfingu ungs fólks í baráttu fyrir alvöru loftslagsaðgerðum. Hún er gott dæmi um að venjulegt fólk getur haft mikil áhrif á breytingar í samfélaginu.

Við getum öll haft áhrif. Breyting á eigin gildum og neyslu er mikilvægur upphafspunktur nauðsynlegra kerfisbreytinga. En áhrif okkar geta náð enn lengra. Einstaklingar geta skapað mikinn þrýsting á fyrirtæki, stjórnmalafólk og aðra einstaklinga. Áhrif okkar margfaldast þegar okkur tekst að hafa áhrif á aðra.

Við getum kosið að hafa áhrif á aðra sem einstaklingar eða hluti af heild, eins og í grasrótarhreyfingu. Við getum einnig tekið þátt í eða hrundið af stað átaksverkefnum.

Grasrótarhreyfing er samtök fólks sem berst fyrir ákveðnum málstað utan hefðbundinna stjórnmalaflokka. Máttur grasrótar getur verið mikill ef fólk innan hennar vinnur saman að settu markmiði. Dæmi um slík samtök á Íslandi eru Ungir umhverfissinnar og Landvernd. Dæmi um átaksverkefni eru Plastlaus september og Vakandi.

Hvaða atriði myndir þú leggja áherslu á varðandi sjálfbærni? Veldu að minnsta kosti eitt af listanum:

- + Það þarf að taka á matarsóun á heimilum og í fyrirtækjum landsins.
- + Þeir sem menga eiga að borga fyrir það eða hætta því.
- + Vörur á ekki að framleiða nema með sjálfbærum hætti.
- + Allir eiga að fá mannsæmandi laun fyrir þá vinnu sem þeir stunda.
- + Óþarfa umbúðir eiga að heyra sögunni til.

Þegar þú hefur valið af minnsta kosti eitt atriði á listanum hér að ofan, skaltu íhuga hvernig þú gætir komið því á framfæri. Hér koma nokkur dæmi um það sem þú getur gert:

- + Senda póst á fyrirtæki í landinu.
- + Skrifa grein og birta hana í fjölmiðlum.
- + Vekja athygli á málefningu á samfélagsmiðlum.
- + Boða til friðsælla mótmæla.
- + Halda listrænan gjörning um málefnið.
- + Senda opinbera áskorun um breytingar.
- + Óska eftir fundi með stjórnvaldaflokkum eða ríkisstjórn um málefnið.
- + Búa til undirskriftalista og fá fólk til að skrifa undir sem er sammála málefningu.

LOKAORÐ

Með því að vinna að sjálfbærri framleiðslu og neyslu erum við einnig að vinna að mörgum öðrum markmiðum. Eins og t.d. að minnka fátækt og hungur, bæta heilsu og vellíðan, auka jöfnuð og jafnrétti, draga úr losun koltvísýrings CO₂ og minnka önnur neikvæð umhverfisáhrif og auka líkur á friði og réttlæti, svo fátt eitt sé nefnt.

Það er áskorun að snúa við blaðinu og stefna í átt að sjálfbærara samfélagi. Mörg mál, eins og loftslagsmál geta verið ógnvekjandi, yfirþyrmandi og flókin. Hræðslan má þó ekki leiða til þess að við förum í afneitun og stingum höfðinu í sandinn. Við þurfum að trúá því einlæglega að við getum og ætlum að breyta heiminum til batnaðar. Með því að láta aðgerðirnar tala getum við tekið á loftslagskvíðanum og búið til eitthvað jákvæðara og áhrifameira. Bjartsýni gefur okkur styrk, þor og kjark til að hafa áhrif og við þurfum að vera staðföst til að hafa úthald og hugmyndaauðgi til þess að finna og feta nýjar leiðir að framtíðarsýn um umbreytingu samfélaga. Þegar fólk finnur sig sem hluta af lausninni fær það styrk og gleði.



Góð leið til þess að finna út hvaða aðgerðir þú vilt leggja áherslu á til þess að vera hluti af lausninni er að spyrja sig eftirfarandi spurningar:

-
- + Hverju hefur þú áhyggjur af?

 - + Hvað myndir þú vilja sjá gerast?

 - + Hvað getur þú gert í þessu máli?

Brettum upp ermarnar og höfum í huga að: „Enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað!“

SJÁLFBÆRNI

ISBN 978-9979-0-2804-8

© 2022

Brynhildur Bjarnadóttir, Brynhildur Heiðard, Ómarsdóttir, Elizabeth Bik Vee Lay, Eva Harðardóttir og Eyvún María Rúnarsdóttir, Guðrún Schmidt, Krístrún María Heiðberg, Linda Hrönn Þórisdóttir, Ólafur Páll Jónsson, Sævar Helgi Bragason, Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir, Þóra Jónsdóttir og Þórður Kristinsson

© 2022 Myndhöfundur á forsíðu, bls 10, 22, 39, 50, 64, 81 og 98: Aron Freyr Heimisson

Myndir frá Shutterstock

Hönnun og uppsetning: Aron Freyr Heimisson

Ritstjórn: Andri Már Sigurðsson

Vfirlestur og góð ráð: Andrea Anna Guðjónsdóttir, Guðrún Schmidt, Ragnheiður

Alma Snæbjörnsdóttir, og Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir

Málfarsyfirlestur: Ingólfur Steinsson

40701

1. útgáfa 2022

Menntamálastofnun

Kópavogi